

Samfélagsskýrsla 2024



01	Um skýrsluna	3
02	Yfirlýsing framkvæmdastjórnar	5
2.1	Yfirlýsing framkvæmdastjórnar	5
2.2	Skipurit Alcoa Fjarðaáls	7
03	Ávarp forstjóra	13
04	Stefna um samfélagsábyrgð	15
4.1	Mannauður	17
4.2	Umhverfi	17
4.3	Efnahagur/virðiskeðja	17
4.4	Samfélag	17
05	Samfélagsmarkmið 2025	19
06	Starfsemi Alcoa Fjarðaáls	23
6.1	Framleiðsluferli	25
6.2	Stjórnarhættir	25
6.3	Vottanir	25
6.4	Framleiðsluferli Alcoa Fjarðaáls	29
07	Umhverfi	31
7.1	Tilkynningar	33
7.2	Grænt bókhald	33
7.3	Hráefnis- og auðlindanotkun	33
7.4	Losun í andrúmsloft	35
7.4.1	Losun gróðurhúsalofttegunda	37
7.5	Flúor í grasi – umhverfisvöktun	37
7.6	Hávaði	40
7.7	Úrgangsmál – hringrás	40
7.8	Frárennsli	41
7.9	Samfélagsmarkmið 2024 – árangur	42
08	Mannauður	43
8.1	Vinnustaðurinn	46
8.1.1	Starfsánægja	46
8.1.2	Vinnustaðarmenning	46
8.1.3	Kjaramál	48
8.2	Samsetning vinnuafls og velta starfsfólks	48

8.3	Jafnréttismál	49
8.3.1	Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum	50
8.3.2	Jafnlaunavottun	50
8.4	Starfs- og siðareglur	50
8.5	Öryggi	50
8.5.1	Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi	51
8.6	Heilsa og velferð	51
8.6.1	Nýtt vaktakerfi	52
8.6.2	Velferðarþjónusta	52
8.6.3	Heilsueflingarnefnd	52
8.6.4	Heilsugæsla	52
8.7	Hlunnindi fastráðins starfsfólks	54
8.8	Starfsþróun og endurmenntun	54
8.9	Samfélagsmarkmið 2024 – árangur	56
09	Samfélag	57
9.1	Efst á baugi	59
9.2	Hagsmunaaðilar	61
9.2.1	Könnun meðal íbúa	61
9.2.2	Góð samskipti og upplýsingagjöf	63
9.3	Styrkir til góðra verka	64
9.3.1	Styrktarsjóður Alcoa Fjarðaáls	64
9.3.2	Styrkir frá Alcoa Foundation	65
9.4	Sjálfbær þróun á Austurlandi	65
9.5	Samfélagsmarkmið 2024 – árangur	68
10	Efnahagur og virðiskeðjan	69
10.1	Almennar upplýsingar	71
10.2	Lykiltölur	71
10.3	Fjármögnun fyrirtækisins	71
10.4	Samstarf við birgja	73
10.5	Samfélagsmarkmið 2024 – árangur	74
11	GRI – yfirlitstafla	75
12	Stefnuyfirlýsing Alcoa Fjarðaál	85

Alcoa Fjarðaál sf. hefur gefið út samfélags-skýrslu frá árinu 2016 og gefur nú út níundu skýrsluna samkvæmt alþjóðlega sjálfbærnistaðlinum GRI Standard (Global Reporting Initiative). Megin markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að stuðla að gagnsæi í starfsemi fyrirtækisins. Hún veitir yfirlit yfir árangur, stöðu verkefna og áhrif starfseminnar á umhverfi, mannauð, virðisbætur, efnahag og samfélag.

Umhverfisuppgjör Alcoa Fjarðaáls er lykilhluti skýrslunnar, en fyrirtækið leggur sérstaka áherslu á að auka sjálfbærni í starfseminni og draga markvisst úr umhverfisáhrifum starfseminnar, bæði beint og í gegnum virðisbætur sína. Jafnframt vill fyrirtækið vera fyrirmynd í samfélagsábyrgð með því að skapa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og byggja upp vinnustað þar sem öll kyn njóta jafna tækifæra til vaxtar og starfsþróunar.

Alcoa Fjarðaál hefur verið aðili að Global Compact í gegnum móðurfélagið frá árinu 2009 og skrifaði undir Jafnréttissáttmála UN Women árið 2012. Fyrirtækið hefur einnig verið virkur þátttakandi í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, frá árinu 2014 og tekur þátt í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, sem felur í sér skuldbindingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og myndun úrgangs. Hjá fyrirtækinu er starfræktur stýrihópur í sjálfbærnimálum sem samanstendur af stjórnendum og lykilstarfsmönnum sem starfa þvert á fyrirtækið. Hópurinn hefur haldið utan um gerð skýrslunnar í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Langbrók ehf.

Efnistöð skýrslunnar byggja á greiningu á þeim þáttum starfseminnar sem hafa bein áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag. Enn fremur er stuðst við álit innri og ytri hagaðila við kortlagningu á helstu sjálfbærniþáttum í starfseminni. Starfsfólk hefur tekið þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar fyrirtækisins. Þær mælingar sem eru birtar í skýrslunni endurspeglar helstu snertifleti starfseminnar sem skiptast í eftirfarandi kafla:

Umhverfi, mannauð, samfélag, virðisbætur og efnahag. Stýrihópurinn heyrir undir forstjóra Alcoa Fjarðaáls sem ber ábyrgð á sjálfbærnimálum fyrirtækisins.

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á gagnsæi og samfélagslega ábyrgð með markvissri skýrslugjöf sem sýnir árangur og áhrif starfseminnar á umhverfi, mannauð, efnahag og samfélag.



02 Yfirlýsing framkvæmdastjórnar

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Sjálfbærni er rauður þráður í stefnu og starfsemi Alcoa Fjarðaáls. Við innleiðum stefnu okkar með því að:

- Setja skýr markmið og mælikvarða í umhverfis- og samfélagsmálum.
- Draga úr umhverfisáhrifum með ábyrgri hráefnanotkun, orkunýtingu, innleiðingu hringrásarferla og vöktun á losun frá starfseminni.
- Styðja við samfélagið með langtímasamstarfi við hagsmunaaðila og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- Innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu okkar um samfélagsábyrgð.

Góðir stjórnarhættir

Góð samskipti við starfsfólk og hagsmunaaðila er lykilþáttur í stjórnarháttum Alcoa Fjarðaáls. Fyrirtækið leggur áherslu á gagnsæi, ábyrgð og traust í öllum þáttum rekstursins. Við fylgjum eftir þessum áherslum með því að:

- Starfa samkvæmt Global Compliance Program Alcoa Corporation, sem tryggir siðferðilega ákvarðanatöku og reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um góða stjórnarhætti.
- Hafa skýrar boðleiðir til að tilkynna áhyggjur eða mögulegt misferli í gegnum Heilindalínu (Integrity Line).
- Innri og ytri úttektir eru framkvæmdar reglulega til að meta hvort stjórnarhættir Alcoa Fjarðaáls séu í samræmi við viðeigandi lög, reglur og viðurkenndar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.

Fylgni við GRI og gagnsæi í upplýsingagjöf

Við fylgjum alþjóðlegum viðmiðum um sjálfbærniskýrslugerð og birtum árlega sjálfbærniupplýsingar í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI). Þannig tryggjum við skýra, samanburðarhæfa og rekjanlega upplýsingagjöf til allra hagsmunaaðila um umhverfisáhrif, samfélagsábyrgð og efnahagslega frammistöðu fyrirtækisins.

Við hjá Alcoa Fjarðaáli höfum skýra framtíðarsýn og vinnum stöðugt að því að bæta starfsemi okkar í takt við sjálfbærnimarkmið, samfélagslegar skyldur og bestu starfsvenjur í stjórnarháttum.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,




Fernando Costa,
forstjóri Alcoa Fjarðaáls

Meginmarkmið samfélagsstefnu fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni. Við fylgjum alþjóðlegum viðmiðum og vinnum stöðugt að því að bæta starfsemi okkar, tryggja ábyrga stjórnarhætti og styðja við samfélagið með sjálfbærni og samfélagsábyrgð að leiðarljósi.



2.2 Skipurit Alcoa fjarðaáls





Fernando Costa,
forstjóri

Fernando Costa tók við stöðu forstjóra Alcoa Fjarðaáls í nóvember árið 2023. Hann kom til Reyðarfjarðar frá Pittsburgh í Bandaríkjunum, þar sem hann sinnti starfi svæðisstjóra Viðskiptakerfis Alcoa (ABS) í Norður Ameríku. Fernando hóf störf hjá álverinu í Alumar í Brasilíu árið 2002 og kom að ferlaþróun og rekstri kerskála. Árið 2015 flutti hann til Bandaríkjanna og tók við starfi tæknistjóra við Wenatchee verksmiðjuna og leiddi síðar rekstur málminnslu fyrirtækisins. Árið 2017 tók hann þátt í að koma rekstri álvers Alcoa í Warrick aftur af stað eftir að hlé var gert á framleiðslunni og stýrði þar framleiðslu forskauta.

Fernando er með Executive MBA gráðu frá Háskólanum í Pittsburg auk þess að vera með MBA gráðu frá Fundacao Getulio Vargas í Brasilíu.



Vigdís Diljá Óskarsdóttir,
stjórnandi samskipta- og
samfélagsmála

Vigdís Diljá gekk til liðs við Alcoa Corporation í febrúar 2024 og er stjórnandi samskipta- og samfélagsmála Alcoa á Íslandi. Vigdís Diljá hefur starfað sem fréttamaður og við dagskrárgerð í sjónvarpi en áður en hún hóf störf hjá Alcoa gegndi hún starfi verkefnastjóra hjá sveitarfélaginu Múlaþingi.

Vigdís Diljá er með BA gráðu í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri.



Rakel Þráinsdóttir,
innkaupastjóri

Rakel hefur starfað sem innkaupastjóri síðan í október 2024. Rakel gekk til liðs við Alcoa árið 2022 sem innkaupasérfræðingur. Áður en hún hóf störf hjá Alcoa starfaði hún sem lögfræðingur hjá sýslumanni, yfirskattanefnd og Skattinum.

Rakel er með meistaragráðu (Mag. jur.) í lögfræði frá Háskóla Íslands.



Smári Kristinsson,
framkvæmdastjóri framleiðslu

Smári hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra álframleiðslu frá árinu 2023. Smári gekk til liðs við Alcoa árið 2006 sem ferliseigandi í kerskála. Árið 2008 tók hann við starfi framkvæmdastjóra steypuskála og gegndi því til ársins 2014 þegar hann tók við sem framkvæmdastjóri kerskála. Árið 2018 tók hann jafnframt við stýringu skautsmiðju. Smári var framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar frá 2019 – 2021 og frá 2021 – 2023 sinnti hann stöðu framkvæmdastjóra mannauðsmála. Áður en Smári hóf störf hjá Alcoa starfaði hann sem hugbúnaðarráðgjafi.

Smári er með B.Sc. gráðu í stjórnunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri.



Júlíus Brynjarsson,
framkvæmdastjóri ABS & UT

Júlíus hóf störf hjá Alcoa Fjarðaáli árið 2006 sem verkfræðingur. Á árunum til 2015 starfaði hann sem yfirverkfræðingur í skautsmiðju, umhverfistækniteymi og í kerskála. Árið 2015 varð hann framkvæmdastjóri skautsmiðju og árið 2018 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra steypuskála. Júlíus hefur verið framkvæmdastjóri ABS frá því í apríl 2022 en hann sinnti auk þess starfi framkvæmdastjóra umhverfis-, heilsu- og öryggismála frá febrúar 2022 til ársloka 2023. Áður en Júlíus hóf störf hjá Alcoa starfaði hann sem sérfræðingur hjá Orkustofnun.

Júlíus er með B.Sc. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í framleiðslu og vöruhönnun við Danmarks Tekniske Universitet.



Hlöðver Hlöðversson,
framkvæmdastjóri fjárfestinga

Hlöðver Hlöðversson gekk til liðs við Alcoa árið 2016 þegar hann var ráðinn sem verkefnastjóri fjárfestinga en á árunum 2008 – 2016 sinnti hann því hlutverki sem verktaki. Snemma árs 2024 varð Hlöðver framkvæmdastjóri fjárfestinga. Áður var hann forstjóri Reykjalundar Plastiðnaðar.

Hlöðver er með meistaragráðu í iðnrekstrarverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku.



Svanhildur Björg Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika

Svanhildur Björg tók við stöðu framkvæmdastjóra viðhalds, áreiðanleika og upplýsingatækni í nóvember 2023. Svanhildur hóf störf hjá Fjarðaáli 2019 sem rekstrarstjóri viðhalds skautsmiðu, umhverfis og hafnar. Hún var verkefnastjóri hjá VHE á árunum 2015–2019 og þar á undan vann hún sem vélfræðingur.

Svanhildur lauk námi í vélstjórn og rafvirkjun árið 2012 frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hún lauk véliðnfræði árið 2016 frá Háskólanum í Reykjavík og viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri 2022.



Óskar Sigurbergur Jónsson,
framkvæmdastjóri verktakaþjónustu

Óskar Sigurbergur Jónsson tekur við starfi framkvæmdastjóra verktakaþjónustu þann 1. maí 2025. Óskar hefur starfað hjá Alcoa Fjarðaáli í tæp 20 ár, fyrst sem framleiðslusérfræðingur í kerskála á árunum 2006–2009. Frá 2009 til 2014 var hann verkefnastjóri yfir byggingu og rekstur kersmiðu Fjarðaáls og frá 2014 til 2025 verkefnastjóri í fjárfestingateymi Alcoa Fjarðaáls.

Óskar er með BS í tæknifræði frá tækniháskóla Íslands.



Runólfur Sveinn Sigmundsson,
framkvæmdastjóri fjármála

Runólfur Sveinn Sigmundsson hóf störf sem framkvæmdastjóri fjármála í janúar 2025. Áður en Runólfur hóf störf hjá Fjarðaáli starfaði hann sem liðsstjóri á endurskoðunarsviði Deloitte frá 2016 þar sem hann sinnti endurskoðun og ráðgjöf til stórra og millistórra félaga á Íslandi. Runólfur er löggiltur endurskoðandi en þau réttindi öðlaðist hann árið 2023.

Runólfur er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og M.Acc gráðu frá sama háskóla í reikningsskilum og endurskoðun.



Ivar Sousa,
framkvæmdastjóri tæknimála

Ivar hóf störf sem tæknistjóri kerskála hjá Alcoa Fjarðaáli í desember 2024. Áður en hann kom til Fjarðaáls starfaði hann sem stjórnandi við endurræsingu kerskála hjá Alcoa Alumar í Brasilíu. Starfsferill hans hjá Alcoa hófst árið 2005 sem starfsnemi, síðar sem framleiðslusérfræðingur í kerskála Alumar á árunum 2008–2014. Árið 2014 gekk Ivar til liðs við Alcoa í Wenatchee í Bandaríkjunum. Ivar starfaði á árunum 2015–2021 hjá Hydro í Brasilíu.

Ivar er með B.Sc. í málmtæknifræði frá Federal Fluminense háskólanum og MBA gráðu frá Fundacao Getulio Vargas.



Kristinn Már Ingimarsson,
framkvæmdastjóri kerskálapjónustu

Kristinn Már tók í byrjun árs 2024 við stöðu framkvæmdastjóra kerskálapjónustu en hann hafði þá verið framkvæmdastjóri tæknimála álframleiðslu í rúmt ár. Kristinn hefur starfað hjá Alcoa Fjarðaáli síðan 2011. Fyrstu sex árin starfaði hann sem verkfræðingur í tækniteymi kerskála. Frá 2017 til 2019 var hann tæknistjóri skautsmiðju og umhverfis og frá 2019 tæknistjóri kerskála, skautsmiðju og kersmiðju.

Kristinn Már er með B.Sc. og M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.



Ásgrímur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri málmvinnslu

Ásgrímur starfaði sem framkvæmdastjóri viðhalds- og áreiðanleika frá september 2017 og tók við starfi framkvæmdastjóra málmvinnslu í apríl 2022. Hann hóf störf hjá Alcoa Fjarðaáli árið 2007 sem framleiðslusérfræðingur í steypuskála og starfaði sem ferliseigandi málmvinnslu frá 2012. Ásgrímur var hluti af miðlægu steypuskálateymi hjá móðurfyrirtækinu og var ráðgjafi hjá ýmsum starfsstöðvum á árunum 2015–2016. Áður en Ásgrímur hóf störf hjá Alcoa starfaði hann sem vélvirki og rennismiður.

Ásgrímur er með B.Sc. gráðu í véltæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík og diplómu í verkefnastjórnun.



Helgi Einarsson,
framkvæmdastjóri umhverfis,
heilsu og öryggis

Helgi hóf störf sem framkvæmdastjóri umhverfis, heilsu og öryggis hjá Alcoa Fjarðaáli í upphafi árs 2024. Hann starfaði áður hjá Fjarðaáli á árunum 2006 – 2011 og hefur víðtæka alþjóðlega reynslu innan Alcoa samstæðunnar. Á árunum 2011 – 2015 gegndi Helgi stöðu framkvæmdastjóra heilbrigðis- og öryggismála hjá Ma'aden í Sádi-Arabíu. Þar á eftir starfaði hann hjá Alcoa í Englandi sem svæðisstjóri umhverfis-, heilsu- og öryggismála fyrir nokkrar sérhæfðar verksmiðjur í Evrópu, innan viðskiptaeyningar sem nú heyrir undir Arconic og Howmet Aerospace. Frá 2019 til 2022 var Helgi framkvæmdastjóri umhverfis-, heilsu- og öryggismála hjá Alcoa í Mosjøen í Noregi. Árið 2022 tók hann við sem framkvæmdastjóri álframleiðslu í sama álveri og gegndi þeirri stöðu þar til hann sneri aftur til Fjarðaáls.

Helgi er með meistaragráðu í stjórnun frá Háskólanum í Liverpool.



Davíð Þór Sigurðarson,
framkvæmdastjóri kerskála

Davíð hefur verið framkvæmdastjóri kerskála síðan í ársbyrjun 2024 en hann hafði þá sinnt starfi framkvæmdastjóra álframleiðslu Alcoa Fjarðaáls í tæpt ár. Davíð starfaði sem svæðisstjóri Eimskips á Austurlandi frá 2019 en var fyrir það starfsmaður hjá Alcoa Fjarðaáli frá árinu 2006. Hann var í innkaupateymi Alcoa Fjarðaáls frá 2006 – 2008, síðan í fjármálateyminu til 2010 og eftir það verkefnastjóri útflutnings og gæða í steypuskála.

Davíð lauk viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2006 og hlaut meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum frá sama skóla árið 2014.



Kæru hagaðilar,

Ár eftir ár hefur vegferð okkar verið vörðuoð skuldbindingu okkar til að ná góðum rekstrar-árangri, á sama tíma og við höfum stöðugt haldið öryggismálunum í brennidepli. Í samfélagsskýrslu síðasta árs deildi ég opinskátt þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir þegar við stigum út úr COVID-19 tímabilinu og tókumst á við rekstraraðstæður ársins 2023. Þegar litið er til baka yfir árið sem fylgdi er ég stoltur af því að við höfum ekki aðeins staðið við skuldbindingar okkar gagnvart hagsmunaaðilum og náð markmiðunum fyrir árið 2024, heldur farið fram úr væntingum.

Lykillinn að þessum árangri liggur í stefnu sem við innleiddum á síðasta ári – metnaðarfullri en einfaldri nálgun sem byggir á þremur grunnstoðum: FÓLK, STÖÐUGLEIKI og FRAMLEIÐNI. Þessi stefna hefur veitt okkur ákveðna sýn og skýran leiðarvísi sem gerði okkur kleift að vinna

samhent að því að ná markmiðum okkar fyrir 2024.

Ein áhrifamesta breytingin sem við réðumst í á árinu var að skerpa á þeirri menningu að STOPPA, öryggisins vegna. Með því að styrkja og hvetja starfsfólk okkar til að tilkynna atvik og stoppa vinnu hvenær sem það upplifir sig óöruggt, hefur fjöldi skráðra atvika aukist verulega. Þó að það kunni að virðast andstætt markmiðum okkar við fyrstu sýn, gerir þetta okkur kleift að bregðast við mögulegum áhættum áður en alvarleg atvik eiga sér stað. Árangurinn talar sínu máli. Allir helstu öryggismælikvarðar okkar sýna fram á bætingu árið 2024 miðað við árið á undan.

Á sviði umhverfismála innleiddum við fjölda aðgerða til að takast á við þrálátar áskoranir í kerskalanum. Þó að sumt sé enn í vinnslu, höfum við náð verulegum árangri í flúorlosun, sem endaði í 0,329 kg F/tonn Al fyrir árið 2024 – það er undir

markmiði okkar um 0,350 kg F/tonn Al og lægra en árið 2023 þegar losunin var 0,348 kg F/tonn Al. Þetta undirstrikar með skýrum hætti skuldbindingu okkar til sjálfbærni og umhverfisábyrgðar.

Fleiri áfangasigrar styrkja trú okkar um að við séum á réttri leið í átt að þeirri sýn sem við vinnum eftir, að Fjarðaál verði eftirsóttasti vinnustaðurinn í samfélaginu okkar. Árið 2024 náðum við að hafa öll ker í rekstri – í fyrsta sinn síðan 2018. Þessi rekstrarstöðugleiki, ásamt umbótum í ferlastýringu og öðrum verkefnum, hefur gert okkur kleift að draga verulega úr orkunotkun, fækka risum í kerum¹ og neyðarskautskiptum². Þá hafa gæði álsins sem við framleiðum náð hæðum sem ekki hafa sést síðan 2011, sem gerir okkur kleift að auka verðmæti þeirra vara sem við framleiðum.

Í steypuskálanum hefur náið samstarf við viðhalds- og áreiðanleikateymi okkar skilað verulegum umbótum í áreiðanleika búnaðar. Þessi vinna skilaði sér meðal annars í metframleiðslu á víravélinni í nóvember 2024. Þá náðist einnig aukinn stöðugleiki í skautsmiðjunni sem tryggði stöðuga afhendingu rafskauta til kerskálans allt árið um kring.

Á árinu 2025 ætlum við að halda áfram að byggja upp framúrskarandi vinnustað fyrir okkar fólk. Einföld en markviss áhersla á FÓLK, STÖÐUGLEIKA og FRAMLEIÐNI mun áfram vera okkar leiðarljós.

Með öflugri teymisvinnu erum við betur í stakk búin til að mæta sveiflum á mörkuðum sem geta á endanum haft áhrif á áliðnaðinn. Þó svo að alþjóðlegar og efnahagslegar áskoranir kunni að koma upp höfum við borð fyrir báru, þökk sé góðum og stöðugum rekstri og getum mætt slíkum aðstæðum af öryggi og staðið þannig vörð um nærsamfélagið, umhverfið og hagsmuni viðskiptavina okkar.

Við bjóðum ykkur að fylgja okkur áfram í þessari spennandi vegferð inn í árið 2025 og hlökkum til að fagna fleiri áföngum með ykkur.

Njótið lestursins,



Fernando Costa,
Forstjóri Alcoa Fjarðaáls

¹ Ris í kerum er fyrirbæri sem á sér stað í álframleiðslu þegar styrkur álóxíðs í raflausninni fer niður fyrir ákveðin mörk. Þá hækkar spennan í kerinu snögglega og myndast gróðurhúsalofttegundir eins og CF₄ og C₂F₆.

² Neyðarskautskipti eru gerð þegar endingartími kolefnisrafskauta verður styttri en gert er ráð fyrir, t.d. vegna óstöðugleika í kerri eða galla skautinu. Þá þarf að setja nýtt skaut fyrir en áætlað var, sem eykur kolefnisnotkun í framleiðslunni.



Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni í starfsemi fyrirtækisins. Sjálfbærniáherslur þróast stöðugt til að tryggja jafnvægi milli umhverfis-, efnahags- og samfélagslegra þátta. Hlutverk álversins á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, umhverfisvænan og hagkvæman hátt í samræmi við starfsleyfi, gildandi lög og reglugerðir. Fyrirtækið einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni en felur öðrum fyrirtækjum ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Með þessu stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu og eflir þannig sjálfbærni í nærsamfélaginu. Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á að hlúa að mannauði sínum í takt við gildi móðurfélagsins: heilindi, árangur, umhyggju og hugrekki. Fyrirtækið vinnur markvisst að því að skapa öruggt, réttlátt og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fær jöfn tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Til að styðja við samfélagslega ábyrgð sína hefur Alcoa Fjarðaál innleitt alþjóðlega sjálfbærnistaðla, Global Reporting Initiative (GRI) og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG) og styðst við þá í stefnu sinni um samfélagsábyrgð. Til að tryggja gagnsæi og aðgengi hagsmunaaðila að upplýsingum þá birtir Alcoa Fjarðaál árlega árs- og sjálfbærniskýrslu og niðurstöður mælinga á áhrifum starfseminnar á umhverfi og samfélag eru birtar á vefsíðunni sjalfbærni.is.



4.1. Mannauður

Almenn velferð og öryggi starfsfólks eru ávallt í forgangi. Að sama skapi er lögð áhersla á helgun og þátttöku starfsfólks í starfsumhverfi sem hvetur til stöðugra umbóta og styður við þjálfun og menntun. Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að efla og auka jafnrétti og stuðla að fjölbreytileika og heilbrigðri vinnustaðarmenningu. Fyrirtækið fylgir viðmiðum Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact og reynir ávallt að tryggja að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á starfsþróun og jöfn tækifæri varðandi ábyrgð og úthlutun verkefna óháð kyni, kynþætti eða kynhneigð. Fjarðaál lítur til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og eru markmið númer 3 um góða heilsu og velferð og markmið númer 5 um jafnrétti kynjanna höfð að leiðarljósi í stefnu fyrirtækisins í mannauðsmálum

4.2 Umhverfi

Alcoa Fjarðaál fylgir eftir stefnu móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Frammistaða fyrirtækisins í þeim efnum er vöktuð með reglulegum mælingum með það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur. Starfsemin skilur eftir sig umhverfisfótspor sem hefur verið kortlagt til að lágmarka áhrifin á innra og ytra umhverfi. Í starfseminni er unnið að því með markvissum aðgerðum, vöktun og stýringu að nýta auðlindir betur, lágmarka magn úrgangs og spilliefna frá starfseminni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fjarðaál lítur til heimsmarkmiða númer 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og númer 13 um aðgerðir í loftslagsmálum þegar unnið er að umbótum í umhverfismálum hjá fyrirtækinu.

4.3 Efnahagur/virðiskeðja

Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni fyrirtækisins og hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í nærsamfélaginu. Alcoa Fjarðaál

stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið. Á þann hátt gerir Alcoa Fjarðaál þeim fyrirtækjum kleift að byggja upp starfsemi sína samhliða uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu. Félagið gerir strangar kröfur til birgja og þjónustuaðila hvað viðkemur umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Birgjar verða að uppfylla kröfur um samfélagsábyrgð auk þess að vera samkeppnishæfir í verði og þjónustu. Heimsmarkmið númer 8 um góða atvinnu og hagvöxt fellur vel að stefnu Fjarðaáls varðandi efnahagsmál.

4.4 Samfélag

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við alla hagsmunaaðila. Félagið telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggi í góðum og gegnsæjum stjórnarháttum. Alcoa Fjarðaál á í nánú samstarfi við hagsmunaaðila varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins sem snerta samgöngur, nýsköpun, mennta- og félagsmál. Þar að auki leggja Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation fé til ýmissa málefna, menningarviðburða og verkefna á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á að vera virkur þátttakandi í nærsamfélaginu og gagnvart sínum hagsmunaaðilum sem felst meðal annars í því að breiða út boðskap Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmið númer 17 um samvinnu varðandi markmiðin endurspeglar þær áherslur vel.



05 Samfélagsmarkmið 2025

Á árinu 2025 mun Alcoa Fjarðaál áfram hafa í öndvegi öryggismál og öryggismenningu. Stjórnendur og starfsfólk vinna saman að því að skapa heilbrigða vinnustaðamenningu og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Lögð er rík áhersla á jafnréttismál og fjölbreytni til að stuðla að vellíðan, aukinni starfsánægju og helgun starfsfólks.

Starfsfólk Alcoa vinnur á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru heilindi, árangur, umhyggja og hugrekki.



Samfélag

-  Auka sýnileika fyrirtækisins með auglýsinga herferðinni Sögur að Austan og öðru myndbandsefni á ólíkum miðlum.
-  Klára innleiðingu á hnattrænu kerfi samfélagsábyrgðar (e. Social Performance Management system) í samræmi við ASI staðalinn.
-  Festa í sessi árlegan sameiginlegan fund með sveitarstjórnarfólki á Austurlandi.

Umhverfi

-  Halda áfram rafvæðingu bíla og tækja auk þess að minnka notkun jarðefnaeldsneytis með endurnýjun búnaðar.
-  Ljúka við innleiðingu á nýju starfsleyfi Alcoa Fjarðaáls.
-  Ljúka við áhættumat vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Alcoa Fjarðaáls.
-  Ljúka við umhverfisáhættumat Alcoa Fjarðaáls.

Efnahagur

-  Framleiða 351.523 tonn af áli árið 2025.
-  Ljúka við innleiðingu stærri skauta í framleiðslu kerskála og styðja þannig við aukna orkunýtni við framleiðslu.

Mannauður & öryggi

-  Klára greiningarvinnu á vaktakerfinu og taka ákvörðun um framtíð kerfisins, með tilliti til velferðar starfsfólks, heilsu og öryggis.
-  Ljúka innleiðingu nýs skipulags á vakta-skiptafundum með áherslu á öryggismál á öllum framleiðslusvæðum álversins.
-  Festa ársfjórðungslega fundi jafnréttisnefndar í sessi hjá Fjarðaáli.
-  Færa allt fræðsluefni fyrir starfsfólk yfir á rafrænt form.





Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, hagkvæman og samfélagslega ábyrgan hátt. Stefna fyrirtækisins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Alcoa Fjarðaál hóf framleiðslu á áli í álverinu við Reyðarfjörð í byrjun apríl 2007 og var framleiðslan komin í fulla afkastagetu í ágúst 2008. Framleiðsluheimild álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Á árinu 2024 framleiddi Alcoa Fjarðaál 340.826 tonn af áli.

Fjöldi starfsfólks Alcoa Fjarðaáls var 570 árið 2024. Auk þeirra vinna að jafnaði um 250 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmis störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf.

Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu þann 13. desember 2024. Starfsemi fyrirtækisins fellur undir fyrirtækjaflokk 2.5, álframleiðslu, samkvæmt reglugerð nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gildistími starfsleyfisins er til 2040 og fer Umhverfisstofnun með eftirlit með starfsemi álframleiðslunnar.



6.1 – Framleiðsluferli

Kerskáli

Framleiðsluheimild álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Á árinu 2024 framleiddi Alcoa Fjarðaál 340.826 tonn af áli í kerskála. Þetta er umtalsvert minni framleiðsla en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist af orkuskerðingu Landsvirkjunar vegna lélegs vatnsárs veturinn 2023–2024. Fjöldi starfsfólks Alcoa Fjarðaáls var 570 árið 2024. Auk þeirra vinna að jafnaði um 250 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmis störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf.

Steypuskáli

Á árinu 2024 skiptist framleiðslan upp í 56% álhleifa, 23% melmistangir og 20% vír. 0,9% framleiðslunnar var frávíkavara sem var seld til endurbæðslu. Heildarmagn vöru frá steypuskála voru 343.540 tonn af áli.



6.2 Stjórnarhættir

Alcoa Fjarðaál fylgir gildum og leiðbeiningum móðurfélagsins Alcoa Corporation um stjórnarhætti, sem tryggja skilvirka og ábyrga starfsemi á öllum sviðum fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur áherslu á gagnsæi, ábyrgð og traust í allri ákvarðanatöku og rekstri. Eitt af megingildum Alcoa er heilindi, og stjórnendur hvetja starfsfólk til að starfa af heiðarleika, ábyrgð og opnum huga. Til að tryggja að þessi gildi séu leiðarljós í daglegum störfum fylgir fyrirtækið skýrum siðareglum og leiðbeinandi vinnureglum, sem stuðla að siðferðilegri og faglegri ákvarðanatöku.

Alcoa Fjarðaál fylgir einnig alþjóðlegum viðmiðum um góða stjórnarhætti og hefur innleitt ýmis verkfæri og ferla til að efla eftirlit og áhættustjórnun. Fyrirtækið vinnur samkvæmt Global Compliance Program Alcoa Corporation, sem felur í sér reglulega fræðslu um siðferði og regluverk, innri úttektir og skýrar boðleiðir fyrir starfsfólk til að tilkynna áhyggjur eða misferli. Til viðbótar hefur Alcoa Fjarðaál skuldbundið sig til samfélagslegrar ábyrgðar með því að styðja við alþjóðleg viðmið eins og Global Compact og fylgja bestu starfsvenjum í sjálfbærni, vinnurétti og gagnsæi í stjórnarháttum. Gagnsæi er lykilpáttur í stjórnarháttum Alcoa Fjarðaáls. Fyrirtækið birtir árlega sjálfbærniupplýsingar í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI), sem veitir hagsmunaaðilum aðgang að skýrum og samanburðarhæfum upplýsingum um áhrif starfseminnar á umhverfi, samfélag og efnahag.

6.3 Vottanir

Alcoa Fjarðaál er með vottanir á eftirfarandi ISO stjórnkerfisstöðlum: ISO 9001:2015, ISO 14001:2015, ISO 45001:2018 og ISO 50001:2018. Á heimasíðu BSI á Íslandi sem er vottunaraðili Alcoa Fjarðaáls, er stöðlunum lýst með eftirfarandi hætti: ISO 9001 er gæðastjórnunarstaðall (Quality



Management System) sem setur fram kröfur á gæðastjórnunarkerfi og er öflugt verkfæri til að ná enn betri rekstrarlegum árangri á hagkvæman og skilvirkan hátt. Notast er við kerfisbundna nálgun á stöðugum umbótum til að mæta kröfum og væntingum viðskiptavina. Fyrirtæki eða stofnun með ISO 9001 vottað gæðastjórnunarkerfi hefur staðfestingu þriðja aðila á því að til staðar sé skýr sýn á hvaða vörur eða þjónustu eigi að veita. Fyrirtækið eða stofnunin hefur innleitt kerfi til að upplýsa og uppfylla væntingar og kröfur neytenda og viðskiptavina. Þar að auki býr kerfið yfir aðferðafræði sem aðstoðar við að uppfylla lagalegar og viðskiptalegar kröfur.

ISO 14001 er umhverfistjórnunarstaðall (Environmental Management System) og verkfæri fyrir skipulagsheildir sem vilja skilja og stýra umhverfisáhrifum af starfsemi sinni.

ISO 45001 er staðall fyrir stjórnunarkerfi fyrir heilsu og öryggi (Occupational Health and

Safety) á vinnustað. Hann nýtist fyrirtækjum að vinna markvisst að því að byggja upp vinnumhverfi þar sem heilsa og öryggi starfsfólks er höfð í fyrirrúmi og oft einn af lykilþáttum öflugs mannauðskerfis. Það hefur sýnt sig að aukin seigla er einn af ávinningum skipulagsheildar eftir innleiðingu ISO 45001 ásamt því að sýna fram á ábyrgð með skuldbindingu að öruggum, heilbrigðum og sjálfbærum vinnuaðferðum. Í september 2024 voru gerðar viðhaldsúttektir á ISO 9001, ISO 45001 og ISO 14001. Í öllum tilvikum stóðst Alcoa Fjarðaál úttektirnar.

Á árinu var einnig innleiddur ISO 50001 staðallinn. ISO 50001 er staðall um orkustjórnun sem veitir kerfisbundið ferli til að bæta orkunýtingu, lækka orkukostnað, stuðla að minna kolefnisfótspori og hámarka skilvirkni. Farið var í gegnum 2 stig vottunar árið 2024 og var seinni úttektin framkvæmd í desember án frávika og og hlaut Alcoa Fjarðaál formlega vottun í byrjun janúar 2025. Þess má geta að Alcoa Fjarðaál er eitt fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að innleiða staðalinn.




Alcoa Fjarðaál er vottað gagnvart IATF 16949:2016, sem er gæðastjórnunarstaðall bifreiðaframleiðanda sem tryggja á öryggi og gæði vara sem notaðar eru í bílaframleiðslu. Gerð var viðhaldsúttekt á staðlinum árið 2024 og stóðst Alcoa Fjarðaál þá úttekt.

Alcoa Fjarðaál er vottað gagnvart ASI staðli sem stendur fyrir Aluminium Stewardship Initiative og á heimasíðu staðalsins er honum lýst svo: „Við sameinum framleiðendur, notendur og hagsmunaaðila í allri virðiskeðju áliðnaðar til að hámarka framlag áliðnaðar að sjálfbæru samfélagi. Með samvinnu að leiðarljósi stefnum við að því að tryggja ábyrga framleiðslu, hráefnanýtingu og stjórnun í áliðnaði.“ ASI vottun er mjög eftirsótt í álheiminum í dag þar sem hagsmunaaðilar, þar með taldir viðskiptavinir, geta treyst því að þau fyrirtæki sem ná að standast kröfurnar starfi á ábyrgan hátt í anda sjálfbærrar þróunar. Kröfuharðir viðskiptavinir horfa til þessarar vottunar. Alcoa Fjarðaál hlaut bráðabirgðavottun gagnvart staðlinum árið 2020 og fullnaðarvottun árið 2021 þegar vottunaraðilar gátu ferðast til landsins en það tafðist vegna Covid heimsfaraldursins. Því til viðbótar var Alcoa Fjarðaál hluti af vottun móðurfyrirtækisins vegna birgðakeðju (Chain of Custody Standard Certification). Sá staðall gerir þær kröfur að birgðakeðja noti skráð og rekjanleg efni sem framleidd eru og unnin í álframleiðslu. Til þess að fyrirtæki geti selt vörur með ASI gæðavottun þarf það að standast kröfur beggja staðlanna.


Sumarið 2017 hlaut Fjarðaál vottun samkvæmt jafnlaunastaðli velferðarráðuneytisins, ÍST 85:2012, og var fyrsta stórfyrirtækið hér á landi til að hljóta þá vottun. Árið 2024 stóðst Alcoa Fjarðaál viðhaldsúttekt á staðlinum. Úttektin staðfesti að unnið er samkvæmt skjalfestu verklagi og að kynbundinn launamunur mældist ekki hjá Alcoa Fjarðaáli.





Framleiðsluferli Alcoa Fjarðaáls

Hráefni



Helstu innfluttu hráefni Fjarðaáls koma annars vegar frá Ástralíu (súrál) og hins vegar frá Noregi (forskaut). Þá er álflúoríð flutt til landsins frá Noregi. Þegar súráli er landað í Mjóeyrarhöfn er það sogað upp úr lest skipsins og flutt með færibandi í súrálssíló sem tekur 85 þúsund tonn.

Á árinu 2024 skiptist framleiðslan upp í 56% álhleifa, 23% HDC melmistangir og 20% vír, 0,9% framleiðslunnar var frávíkavara sem var seld til endurbræðslu. Heildarmagn vöru frá steypuskála voru 343.540 tonn af áli.

651.545

Notkun á súráli í tonnum

6.063

Notkun á álflúoríði í tonnum


4.893

Raforka í GWH

148.712

Ferskvatnsnotkun í M³

Vinnsla



340.826

Ál frá kerskála í tonnum

1,58 t CO₂/t ál

Koltvísýringur (CO₂)

99,9%

Flúors endurnýttur í framleiðslu


0,33

Heildarflúor kg/t ál


189.965

Forskaut, tonn

Útflutningur



Fljótandi ál er flutt úr kerskála í steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Fjarðaál framleiðir álhleifa, vír og melmisstangir.



Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreinsivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Aukaafurðir og spilliefni frá framleiðslu eru flutt til endurvinnsluaðila í Evrópu.

13,14 kg/t ál

Brennisteinssambönd (SO_2)

41.532

Skautleifar til endurvinnslu í tonnum

0,083 t CO_2 -íg /t ál

PFC efni

1.651

Álríkur úrgangur til endurvinnslu í tonnum

133 milljarðar

Útflutningsverðmæti í krónum (1.054 milljónir USD)

Framleiðsla steypuskála í tonnum:

192.507

Álhleifar

68.722

Vír

79.168

Melmi

3.143

Frábrigðavara

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfseminni með mótvægisaðgerðum og setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum árlega. Frá upphafi rekstrurs álversins hefur fyrirtækið staðið fyrir umfangsmikilli umhverfisvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun. Niðurstöður umhverfisvöktunar eru birtar árlega í ársskýrslu sem er aðgengileg undir „umhverfismál“ á heimasíðu Alcoa Fjarðaáls og á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

Tilgangur umhverfisvöktunarinnar er að meta áhrif starfsemi álversins á umhverfið í nágrenni þess. Helsta uppspretta mengandi efna frá framleiðslunni í lofti er útblástur frá kerskála, sem losnar annars vegar um rjáfur skálanna og hins vegar sem kergas, sem er hreinsað í þurrhreinsivirki eins og nánar er útskýrt er í kafla 6.1 um framleiðsluferli.

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif og stuðla að sjálfbærni með ábyrgri auðlindanýtingu, vöktun og stöðugum umbótum í rekstri.





7.3 Hráefnis- og auðlindanotkun

Framleiðsla áls árið 2024 var 340.826 tonn sem er lækkun um rúmlega 6 þúsund tonn á milli ára. Lækkunin skýrist að mestu leyti af raforkuskerðingu sem fyrirtækið varð fyrir á árinu. Heildar rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli var 14.358 kWst sem er svipuð raforkunotkun á hverja framleiðslueiningu milli ára. Ristími hækkaði milli ára og var hann hærri fyrri hluta ársins, en lækkaði nokkuð á síðari hluta þess. Aðalástæða þess er að ákveðið var að breyta áherslu í kerstýringum kerskálans sem miðar að því að auka stöðugleika kerlínunnar og fækka þar með kerlekum. Þar af leiðandi var hækkun á losun PFC efna frá starfseminni. Losun CO₂ lækkaði á milli ára, m.a. í kjölfar framleiðsluminnkunar og færri kera í rekstri. Notkun álflúoríðs minnkaði lítillega eða um 421 tonn milli ára vegna framleiðsluskerðingar. Heildarflúorlosun á hvert framleitt tonn af áli lækkaði á milli ára og var undir ársmeðaltali starfsleyfis.

Flúor í grasi er mældur yfir sumartímann og voru þær mælingar undir viðmiðunarmörkum vöktunaráætlunar sumarið 2024, sjá nánar í kafla 7.5. Fylgst var með styrk vetnisflúoríðs í andrúmslofti á vöktunarstöðvum líkt og fyrri ár. Árið 2024 var stuðlað að auknum stöðugleika með breytingu á kerrekstri og var stefnt að því að ná jafnvægi í framleiðslu árið 2024 með fjölgun kera í rekstri. Samtals voru endurfóðraðar 47 kerskeljar í kersmiðju Fjarðaáls sem rekin er af verktökum. Alls voru notuð um 940 bakskaut til þess að fóðra skeljarnar árið 2024. Líkt og árin á undan var notaður umhverfisvænni þjöppusalli en áður hefur verið gert í endurfóðrunarferlinu, samtals um 435,5 tonn.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki Alcoa Fjarðaáls og endurnýtt í steypuskála, en vatnsnotkun Alcoa Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkist innan Alcoa samstæðunnar. Vatnsnotkun er svipuð á milli ára og var ferskvatnsnotkun árið 2023 áætluð um 80.000 – 90.000 m³.

7.1 Tilkynningar

Á árinu 2024 sendi fyrirtækið fimm formlegar tilkynningar vegna frávika eða til upplýsingar til Umhverfis- og orkustofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands:

Febrúar: Tilkynning um bilun í flúorsöfnurum á vöktunarstöðvum.

Mars: Tilkynning um leka á framleiðsluvatni í vatnshreinsivirki

Maí: Tilkynning um bilun í flæðimælum til sýnatöku í rjáfri kerskála.

Júní: Tilkynning um niðurstöður á útblæstri frá ryksafnara í steypuskála

Júlí: Tilkynning um olíuinnihald í fráveitu frá olíuskilju farartækjaverkstæðis yfir mörkum

7.2 Grænt bókhald

Lykiltölur varðandi framleiðslu, hráefnis- og auðlindanotkun koma fram í kafla 7.3 sem er tafla yfir Grænt bókhald. Töfluna má sjá á bls. 34.

Tafla 1		Niðurstöður			
Grænt bókhald		2022	2023	2024	Markmið 2025
Framleiðsla					Eining
Hreint ál		331.574	346.874	340.826	t
Hráefna og auðlindanotkun					
Súrál		636.449	663.918	651.810	t
Álflúoríð		5.976	6.485	6.064	t
Forskaut		188.716	196.486	189.965	t
Bakskaut		2.460	1.382	1.476	t
Vatnsnotkun		72.852	40.460	148.712	m³
Raforka		4.793	4.997	4.893	GWh¹
Própan (GSH220, GSH280)		171.814	159.422	251.455	l
Lífdísil -B10 (GHS07, GHS08, GHS09)					l
Dísilolía (GHS07, GHS08, GHS09)		457.964	478.138	432.107	l
Bensín (GHS02, GHS07, GHS08, GHS09)		14.084	10.318	12.768	l
Notkun varasamra efna (önnur en talin eru upp og auðkennd með varúðarmerkingum í framleiðslu og hráefnis og auðlindanotkun)					
Koltjörubik (GHS08)		607,5	402,5	435,5	t
Örveruhemjandi efni (GHS05, GHS09)		47	80	82	t
Smurolía og smurfeiti		42.764	43.538	38.570	l
Kælimiðlar		64	908	256	kg
Losun í andrúmsloft					
Heildarflúoríð		0,32	0,35	0,33	0,31 kg/t áli
Þar af loftkennt flúoríð		0,22	0,23	0,23	kg/t áli
Þar af flúoríð í ryki		0,10	0,12	0,10	kg/t áli
Brennisteinssambönd sem SO₂		13,15	12,94	13,14	15,00 kg/t áli
Þar af frá forskautum		11,71	11,58	11,67	kg/t áli
Þar af frá súráli og COS		1,28	1,36	1,28	kg/t áli
Ryk		0,35	0,43	0,30	0,40 kg/t áli
Koltvísýringur (CO₂)		1,53	1,58	1,58	t CO₂/t áli
Flúorkolefni (PFC)		0,083	0,073	0,083	0,100 t CO₂-íg /t áli
Brennisteinshexaflúoríð (SF₆)		0,06	0,11	0	kg CO₂-íg /t áli
Úrgangur					
Til endurvinnslu/endurnýtingar		50.577	47.938	48.010	t
Þar af skautleifar		44.644	42.663	41.532	t
Þar af álfleytur		49	554	1.243	t
Úrgangur til brennslu orkuvinnsla		132	418	90	t
Úrgangur til urðunar		517	325	432	t
Spilliefni					
Til endurvinnslu/endurnýtingar		5.411	5.183	4.842	t
Þar af kerbrot		0	0	0	t
Þar af álgjall		1.810	1.612	1.651	t
Til urðunar		9.685	4.718	5.846	t
Til brennslu orkuvinnslu		221	114	186	t
Þar af olíumenguð spilliefni		98	82	75	t
Aukaafurðir					
Raflausn (GHS07, GHS08, GHS09)		2.260	2.045	3.051	t
Mælingar í frárennsli til sjávar ²					
Olía og fita		<2	<2-8	<2-11	mg/l
Ál		0,20-0,41	0,42-0,98	0,18-0,70	mg/l
Flúor		2,9-12	10-11	3-15	mg/l
¹ 1 GWh jafngildir 1.000.000 kWh.					
² Gildi gefin upp sem lægsta og hæsta mældu gildi fyrir árið.					
		Árangur betri en innra markmið Innra markmið náðist ekki			

Árið 2024 var gert átak í að mæla vatnsnotkun hjá fyrirtækinu með uppsetningu á vatnsmæli á inntakslögn. Mældist vatnsnotkunin árið 2024 vera um 148.712 m³. Þar af nýttu hleifasteypuvél og HDC lárétta steypuvél in í steypuskála Alcoa Fjarðaáls um 60.000 m³. Vatnshreinsivirkið hefur getu til að hreinsa 3.500 rúmmetra af vatni á sólarhring og endurnýta í steypuskálanum. Þar af fóru 9.467 m³ af vatninu í gegnum eimara árið 2024. Meðaltalsuppgufun frá steypuvélum er 140 m³ á sólarhring sem er um 40% uppgufun af rúmmáli kerfisins. Engu kælivatni frá iðnaðarferlum er veitt í frárennsli. Jafnframt er hluti varmans sem myndast frá kælivatni nýttur til húshitunar og snjóbræðslu á lóðinni.

Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartæki lækkaði frá fyrra ári um 43.981 l. Notkun á dísilolíu minnkaði úr 478.138 l í 432.107 l á milli áranna 2023 og 2024. Notkun á bensíni jókst hins vegar úr 10.318 l í 12.768 l. Skýringin á minnkun notkunar tengist aðallega akstri ökutækja utan fyrirtækisins, utan aksturstíma farartækja er tengjast beint álframleiðslu fyrirtækisins. Aukin notkun á jarðefnaeldsneyti árið 2024 samsvaraði lækkan í losun um 119 tonn ígilda CO₂. Þegar aksturstímar ársins 2024 voru bornir saman við árið 2023 kom í ljós að aksturstími vinnutækja á álverslóð jókst um 1.334 klukkustundir. Aksturstími rafmagnsökutækja jókst milli ára um 5% og hefur bein áhrif á díselnotkun til lækkunar. Sjá nánar um aksturstíma ökutækja í töflu 2. Própan er notað til forhitunar á búnaði í steypuskála, m.a. mótum á hleifasteypuvél. Notkun própans hækkaði milli ára um 92.033 l. Skýringin á því er að árið 2024 var unnið að endurfóðrun á tveimur ofnum steypuskálans, þar sem töluvert magn af própangasi fer í bókun ofnafóðringa. Heildarnotkunin nemur aukinni losun CO₂ sem samsvarar um 139 tonnum CO₂ ígilda. Í töflu 3 er yfirlit yfir orkunotkun úr



þeim eldsneytisgjöfum sem notaðir voru á svæðinu, en heildarorkunotkun í gígajúlum jókst um 20,5% árið 2024 miðað við árið á undan og kemur það aðallega til vegna meiri notkunar á bensíni og própani.

7.4 Losun í andrúmsloft

Stöðugleiki í starfsemi kerskála er lykilforsenda fyrir lágri losun út í andrúmsloftið. Fjöldi rekstrarþátta getur haft áhrif á þennan stöðugleika, en stærsti einstaki áhrifavaldurinn á losun flúors og annarra efna er skautskipti. Mesta losunin á sér stað á meðan skautskiptin fara fram. Stöðugleiki hægir á brennslu skauta og við það verður nýtni skautanna betri. Auk þess lækkar ristími sem minnkar PFC losun. Þetta tvennt leiðir til þess að rekstrarvandamálum almennt fækkar. Aukinn stöðugleiki minnkar því losun frá fyrirtækinu. Fylgst er með losun helstu mengandi efna en þau eru loftkennt flúorið (HF), ryk og brennisteinsdíoxíð

Samanburður akurstíma ökutækja milli ára (klst.)

Ár	2022	2023	2024
Lyftarar	16.450	14.729	12.989
Rafmagnslyftarar	11.792	10.589	14.125
Deiglubílar	10.103	10.659	10.866
Skautbílar	18.916	19.703	18.869
Baðbílar	3.351	3.859	4.185
Ryksugubíll	4.207	2.311	2.227
Moksturstæki			
Flúorbíll	58	1.287	1.142
Sópbílar	82	44	112
Samtals	64.959	63.181	64.515
Aukning akstursstunda	3.171		1.334
Minnkun akstursstunda		1.778	
Grófar tölur teknar úr METER skýrslu: – Benedikt Stefánsson/Kristinn Örn Sigurðsson			
Akstur með rafmagnsökutækjum	18,2%	16,8%	21,9%

Orkunotkun úr eldsneyti í gigajúlum

	2022	2023	2024	Hlutfallsleg breyting milli ára
Dísel	17.677	18.456	16.679	-9,63%
Bensín	482	353	437	23,74%
Própan	16.030	14.874	23.461	57,73%
Samtals orkunotkun	34.189	33.683	40.577	20,47%
Minnkun Aukning				



(SO₂) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO₂), flúorkolefna (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF₆). Upplýsingar um losun eru teknar saman í kafla 7.2 (Grænt bókhald). Heildarlosun flúors var 0,33 kg á hvert framleitt áltonn og lækkaði milli ára. Losunin var yfir innra markmiði fyrirtækisins en undir starfsleyfismörkum. Heildarlosun ryks var undir innra markmiði fyrirtækisins og mældist 0,30 kg/t ál og lækkaði milli ára. Ryklosunin var vel undir starfsleyfismörkum. Losun brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá notkun forskauta var undir starfsleyfismörkum eða 11,67 kg/t áls. Losunin er svipuð milli ára (mynd 4). Fylgst er vel með brennisteinsinnihaldi skauta og vikulega berast upplýsingar frá birgja um niðurstöður efnagreininga skautanna. Heildarlosun brennisteinssambanda sem SO₂ nam 13,14 kg/t ál og eykst lítillega á milli ára.

7.4.1 Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun koltvísýrings (CO₂) er reiknuð út frá notkun forskauta með massa jafnvægisreikningum. Losun árið 2024 var 1,58 t CO₂/t ál og stóð í stað frá fyrra ári. Á mynd 6 sést losun

flúorkolefna (PFC) sem ígildi CO₂ á árunum 2019–2024. PFC er gróðurhúsalofttegund sem myndast við spennuris í kerum og útblástur þessara efna er reiknaður út frá fjölda og tímalengd spennurisa. Árið 2024 voru losuð 0,083 tonn CO₂ ígilda af PFC efnum á hvert framleitt áltonn. Þetta samsvarar að 3,93 tonnum af PFC efnum er sleppt út í andrúmsloft. Losun á PFC efnum hækkar frá fyrra ári. Hækkunina má rekja til breyttra áherslna í kerstýringu sem leiddi til færri kerleka frá starfsemi kerskálans. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu lækkaði milli ára, eða um 5.268 tonn ígilda CO₂. Þessi lækkun stafar af minni álframleiðslu og þar af leiðandi minni notkun skauta.


7.5 Flúor í grasi – umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun Alcoa Fjarðaáls er yfirgripsmikil en hún er í samræmi við vöktunaráætlun á helstu þáttum umhverfis í Reyðarfirði, svo sem mælingar á loftgæðum og gróðurrannsóknir. Niðurstöðurnar eru kynntar í ársskýrslu sem kemur út í maí en hún verður aðgengileg á vef Umhverfis- og orkustofnunar og vef Alcoa Fjarðaáls. Mikilvægur hluti vöktunaráætlunarinnar eru sumarlegar mælingar á flúormagni í grasi, sem eru framkvæmdar með tilliti til dýraheilbrigðis. Gerðar eru sex mælingar, tvær í mánuði í júní, júlí og ágúst. Að hausti er tekið meðaltal allra sýna og þannig fundið meðaltal sumarsins. Sýnin eru ávallt tekin á sama stað og með sömu aðferð svo þau séu samanburðarhæf. Mörk til viðmiðunar í vöktunaráætlun Alcoa Fjarðaáls eru 40 µg F/g í grasi að meðaltali utan þynningarsvæðis. Niðurstöður þessara mælinga eru sýndar á mynd 7. Meðalstyrkur flúors í grasi sumarið 2024 var 22,9 µg F/g af grasi sem er undir viðmiðunarmörkum og nokkur lækkun frá fyrra ári þegar niðurstöðurnar voru yfir viðmiðunarmörkum sumarið 2023. Sumarið 2024 var almennt þurrt á Austurlandi, en ágústmánuður var sérstaklega úrkomusamur á meðan í júlí mánuði var minnsta úrkoman. Flúorstyrkur í grasi er vandlega vaktaður til að tryggja



Mynd 2


Losun heildarflúoríðs (kg/t ál)



TF Starfsleyfismörk

Mynd 3


Losun ryks (kg/t ál)



Ryk Starfsleyfismörk

Mynd 4


Losun brennisteinsdíoxíðs frá forskautum (kg/t ál)



SO² Skaut Starfsleyfismörk


Mynd 5

Losun koltvísýrings (t CO₂/t ál)




Mynd 6

Losun flúorkolefna sem CO₂-ígildi (t ígildi CO₂/t ál)



Mynd 7

Heildarniðurstöður flúor í grasi (µg/g)



Mörk til viðmiðunar (µg/g)

Styrkur flúors í grasi. Bláa línan sýnir mörk til viðmiðunar fyrir grashita sem sett hafa verið í vöktunaráætlun.

Tafla 4

Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda í tonn CO ₂ ígilda		Losun 2022 Tonn CO ₂	Losun 2023 Tonn CO ₂	Losun 2024 Tonn CO ₂	Milli ára
Scope 1* (bein losun)	Kolefnisnotkun	506.233,2	547.221,0	538.826,0	-1,5%
	PFC	27.668,1	25.401,6	28.141,4	10,8%
	Própan	274,8	245,0	384,4	56,9%
	Acetalyne	0,6	0,210	0,200	-4,8%
	Díesel	1,9	1,39	1,50	7,9%
Scope 2* (óbein losun)	Díesel	1.240,3	1.295,0	1.170,3	-9,6%
	Bensín	32,4	23,9	29,4	23,7%
	HFC	155,8	1.369,6	452,3	-67,0%
	SF ₆	20,3	92,0	0,0	-100,0%
Scope 3* (óbein losun)	Notkun bílaleigubíla	573,5	211,5	276,8	30,9%
	Urðun og moltugerð Flutningur í urðun		14,5	37,2	156,3%


Minnkun Aukning

* „Scope“ vísar til uppruna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, þar sem 1 er beint frá framleiðslu, 2 óbein losun tengd orkunýtingu og 3 er önnur óbein losun.


Mynd 8

Hlutfallsleg skipting og ráðstöfun úrgangs árið 2024

Uppruni 2024




Ráðstöfun 2024



Til urðunar

í tonnum





heilbrigði dýra sem ganga í firðinum.

Gott samstarf hefur verið við bændur sem stunda sauðfjárrækt í Reyðarfirði og hafa dýralæknar skoðað dýrin árlega. Samkvæmt þessum skoðunum hafa til þessa engar vísbendingar komið fram sem gefa til kynna að flúor í Reyðarfirði hafi haft áhrif á grasbíta. Fólki stafar engin hættu af flúorútbæstri verksmiðjunnar. Í umhverfisvöktunarskýrslu má sjá nánari upplýsingar um mælingar á gróðurfari í Reyðarfirði. Í álverinu er starfandi stýrihópur allt árið um kring til að vakta þessa vinnu og árangur. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um umhverfisáhrif framleiðslunnar þannig að þau séu meðvituð í sínum störfum um mikilvægi þess að lágmarka losun og tryggja góða vöktun á áreiðanleika mengunarvarnarbúnaðar.

7.6 Hávaði

Alcoa Fjarðaál mælir umhverfishávaða frá starfsemi sinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Þessar mælingar eru gerðar á átta ára fresti samkvæmt mæliáætlun, eða ef gerðar eru breytingar á rekstri, í samræmi

við reglugerð 724/2008 um hávaða. Samkvæmt áætlun voru þessar mælingar framkvæmdar síðast árið 2020 og voru niðurstöður undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar.

7.7 Úrgangsmál - hringrás

Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að hægt sé að endurnýta eða endurvinna allan úrgang og að urðun sé síðasti kostur. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita leiða til að koma úrgangi og spilliefnum frá framleiðslu til endurvinnslu. Flokkun á upprunastað er undirstaða þess að hægt sé að koma stærstum hluta úrgangs til endurvinnslu frá fyrirtækinu. Þar að auki er stöðugt leitað tækifæra til lágmarkunar til að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Heildarmagn úrgangs á árinu 2024 var 59.406 tonn sem er lækkun um 1.280 tonn eða 2% milli ára og skýrist helst af minni endurfóðrun kera. Samtals voru 89% úrgangs endurunnin og 0,5% send til brennslu, aðallega innanlands. Alls fóru 6.278 tonn af úrgangi til urðunar, eða tæp 10,6% af heildinni. Þetta er hækkun um 18% á milli ára og munar þar mestu um meira magn af kerbrotum sem voru send til

urðunar. Frá árinu 2019 hefur ekki verið unnt að senda kerbrot í endurvinnslu líkt og áður var gert og því hefur endurvinnsluhlutfallið lækkað á síðustu árum. Alcoa Fjarðaál hefur í samstarfi við móðurfélagið leitað leiða til að endurvinna kerbrot og nú eru hafnar prófanir í þá veru í samstarfi við hollenskt og breskt fyrirtæki. Vonir standa til þess að á árinu 2025 verði áfram unnið með þetta verkefni svo endurvinnsluhlutfallið fari hækkandi á ný. Ákveðin ryktegund frá baðhreinsistöð og sellulósi, sem er lífrænn úrgangur frá vatnshreinsivirki, eru urðuð en það er þó lítið magn af heildinni sem fer til urðunar. Áfram verður leitað leiða til þess að lágmarka urðun og koma kerbrotum í nýtingarferli. Mestur hluti, eða um 98% úrgangs verður til vegna framleiðslunnar og um 2% frá almennum rekstri. Á mynd 8 má sjá hlutfall úrgangs og spilliefna, annars vegar frá framleiðslunni og hins vegar frá almennum rekstri. Einnig sést hlutfallslegt magn úrgangs sem fór til urðunar af heildarmagni. Hreinsaðar forskautaleifar eru um 70% af heildarmagni þess úrgangs sem er sendur til endurvinnslu. Þær eru endurunnar í Mosjøen í Noregi og notaðar í ný forskaut og voru um 25% af heildarmagni innfluttra forskauta.

7.8 Frárennsli

Skólþ frá fyrirtækinu og nærliggjandi iðnaðarsvæði er meðhöndlað í hreinsivirki sem staðsett er á iðnaðarsvæðinu við Hraun. Skólþið fer í gegnum fjögurra þrepa hreinsun áður en því er veitt til sjávar. Föstum efnum úr skólphreinsistöð er komið til endurvinnslu í jarðvegsgerð í tengslum við skógrækt. Hreinsivirkið er rekið af þriðja aðila. Frárennsli af svæðum þar sem unnið er með olíu eða efnavöru er leitt í gegnum olíuskiljur og frárennsli frá eldhúsi er leitt gegnum fitugildru. Eru þær tæmdar reglulega og olíumenguðu vatni komið í úrvinnslu hjá viðeigandi aðilum þegar við á. Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir áður en það rennur til sjávar. Sýni eru tekin úr frárennsli tjarna að hausti og vori. Árið 2024 voru niðurstöður greininga undir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga á áli, olíu/ fitu og flúoríðum eru gefnar upp sem hæsta og lægsta gildi í kafla 7.2. Samkvæmt starfsleyfi má magn svifagna í frárennsli ekki aukast um meira en 10 mg/L miðað við mælt magn í innrennsli og voru þær mælingar svipaðar milli ára og undir mörkum árið 2024 líkt og fyrri ár.





9.9 Samfélagsmarkmið 2024 – Árangur

Ljúka við gerð aðgerðaráætlunar vegna óbeinnar losunar CO₂. Markmið náðist að hluta, en lokið var við part af aðgerðaráætluninni vegna óbeinnar losunar CO₂.

Klára hreinsun þekjuefnis úr kjallara kerskála. Markmið náðist og var hreinsun alls þekjuefnis úr kjallara kerskálans framkvæmd.

Ljúka við endurbætur á hreinsivirki til að draga úr flúor- og ryklosun. Markmið náðist. Ráðist var í viðhald og endurnýjun á ryksöfnurum og afsogskerfi í álverinu.

Festa í sessi aðgerðir í tengslum við flúorlosun frá kerskála. Markmiðið náðist. Farið var í innleiðingu víðtækra aðgerða í kringum flúorlosun. Heildarflúorlosun Fjarðaáls var undir starfsleyfismörkum 2024, eins og öll ár fram að því.



Hjá Alcoa Fjarðaál starfar fjölbreyttur hópur sem samanstendur af einstaklingum með ólíkan bakgrunn hvað varðar aldur og uppruna, menntun og reynslu. Á árinu 2024 voru fastáðnir starfmenn um 570 talsins, 76% þeirra karlar og 24% konur. Í framkvæmdastjórn félagsins voru 13 manns í árslok, þar af 2 konur.

Alcoa Fjarðaál útvistar þeim verkefnum í starfseminni sem ekki tilheyra kjarna-starfsemi. Með þeim hætti rennir fyrirtækið stoðum undir uppbyggingu og rekstur annarra fyrirtækja á svæðinu og hefur þannig jákvæð áhrif á frekari atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Samtals vinna um 250 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverssvæðinu. Alls hafa því um 800 manns atvinnu á starfssvæði álversins við Reyðarfjörð.

Verktakar hjá Alcoa Fjarðaáli starfa meðal annars við rekstur mótuneytis, þrif, verkfræðihönnun og framkvæmd fjárfestingarverkefna, akstur starfsfólks, innkaup og lagerhald á rekstrarvörum og varahlutum, við vélsmíði og viðhald, hafnarstarfsemi og vöruflutninga svo eitthvað sé nefnt. Þessi starfsemi verktaka endurspeglar breitt starfssvið sem hefur jákvæð áhrif á nýsköpun og þróun á svæðinu enda hafa mörg ný fyrirtæki orðið til í kringum þjónustu við Alcoa Fjarðaál.

Hjá Alcoa Fjarðaál er mikil áhersla lögð á að skapa öruggt vinnuumhverfi sem stuðlar að aukinni starfsánægju og félagslegri vellíðan þar sem samvinna og viðeigandi leiðsögn eru lykilatriði.

Starfsfólk fylgir ýmist vinnustaðasamningi Alcoa Fjarðaáls, AFLs og RSÍ, eða er með einstaklingsbundna samninga þar sem launapróun fylgir samningi VR við SA.

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á öryggi og velferð starfsfólks í allri sinni starfsemi með því að tryggja að vinnumhverfi, verkferlar og skipulag verkefna falli að ströngustu öryggiskröfum. Jafnrétti hefur verið í forgrunni frá stofnun Alcoa Fjarðaáls og með inngildingu, fræðslu og áherslu á jöfn tækifæri nýtur starfsfólk virðingar og stuðnings til að vaxa og þróast í starfi.



Tafli 5

Búseta starfsmanna Alcoa Fjarðaáls

	2020	2021	2022	2023	2024
Búseta í Fjarðabyggð	61%	62%	62%	62%	62%
Búseta á Fljótsdalshéraði	29%	30%	30%	26%	26%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	6%	0,4%	1,7%	5%	4%
Búseta annarsstaðar á landinu	4%	7,3%	5,8%	7%	7%

Tafli 6

Nýráðningar


	2021	2022	2023	2024
Fastráðningar	106	80	69	71
Tímabundnar ráðningar	10	4	1	1
Ráðningar sumarstarfsmanna	110	80	62	47
Íhlaupastarfsmenn í tímavinnu	40	35	61	46

Tafli 7


Búseta nýráðinna starfsmanna Alcoa Fjarðaáls

	2020	2021	2022	2023	2024
Búseta í Fjarðabyggð	78%	56%	60%	66%	70%
Búseta á Fljótsdalshéraði	19%	15%	18%	17%	18%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	0%	3%	2%	5%	3%
Búseta annarsstaðar á landinu	3%	24%	20%	12%	9%

Mýnd 9

Samsetning vinnuafis eftir störfum

Mýnd 10

Samsetning vinnuafis eftir aldri

8.1 Vinnustaðurinn

8.1.1 Starfsánægja

Vinnustaðakönnun er lögð fyrir starfsfólk Alcoa um allan heim á 18 mánaða fresti. Þess á milli eru lagðar fyrir styttri kannanir sem kallaðar eru „púlskannanir“ og miðast fyrst og fremst að því að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sem gerð er í kjölfar þeirra stærri.

Markmiðið með því að leggja reglulega fyrir kannanir er að mæla þá þætti sem rannsóknir sýna að skapi almenna starfsánægju og helgun á vinnustaðnum auk þess að gefa starfsfólki tækifæri á að koma nafnlaust á framfæri ábendingum til úrbóta. Heildarniðurstöður vinnustaðakönnunar eru kynntar öllu starfsfólki og niðurstöður hvers teymis eru kynntar á teymisfundum þar sem jafnframt er lögð áhersla á góðar umræður um niðurstöðuna og að setja fram skýra áætlun um úrbætur á því sem betur betur má fara. Með þessum hætti vinna stjórnendur á markvissan hátt með sínu starfsfólki að aðgerðum sem stuðla að umbótum á vinnustaðnum.

Þátttaka í vinnustaðakönnun 2024 var mun meiri en áður, en 86% starfsfólks tóku þátt. Niðurstöður könnunarinnar árið 2024 sýna meiri heildarstarfsánægju en árið á undan og er það sérstaklega eftirtektarvert vegna þessa háa þátttöku hlutfalls. Mikla breytingu mátti sjá á ákveðnum teymum sem ekki höfðu lagt sig fram um að taka þátt áður en gerðu það núna. Má telja það til marks um metnað starfsfólks og skuldbindingu til að hafa jákvæð áhrif. Það styður auk þess stjórnendur í að nýta niðurstöður til að vinna að umbótum og styrkja góðan grunn að vaxandi starfsánægju á milli ára.

8.1.2 Vinnustaðarmenning

Teymi eru grunneiningar í skipulagi og stjórnun Alcoa Fjarðaáls. Vinnustaðarmenningin einkennist af mikilli samvinnu innan teyma og á milli teyma og er þar rík áhersla lögð á góð samskipti, markvisst upplýsingaflæði og miðlun þekkingar.

Öryggi starfsfólks er leiðarstefið í allri daglegri starfsemi og vinnustaðarmenningu Alcoa Fjarðaáls. Starfsfólk fær viðeigandi þjálfun í öryggismálum áður en það hefur störf og reglulega endurmenntun í þeim málaflokki á sínum starfstíma hjá fyrirtækinu. Stór þáttur er að sinna eigin öryggi en jafnframt og ekki síður að láta sig öryggi annarra varða. Aukin áhersla hefur verið lögð á skráningar í kringum öryggismál, skilgreiningar á tegundum atvika, rannsókn á atvikum og úrlausn til umbóta. Þá er starfsfólk hvatt til að leiðbeina hvert öðru þegar kemur að öryggismálum og stöðva verk telji það sig öruggt með framkvæmdina eða sjái aðra í slíkum aðstæðum. Með þessum hætti byggist upp aukið traust og samheldni í því að gera miklar kröfur þegar kemur að öryggi starfsfólks.


Gildi fyrirtækisins eru í hávegum höfð í þessu samhengi; heilindi, árangur, umhyggja og hugrekki enda styðja þau við gott starfsumhverfi og velliðan í vinnu.

Á árinu 2024 skipuðu fastir viðburðir í félagslífi starfsfólks sinn sess. Teymisviðburðir voru haldnir og skipulögðu teymin sína afþreyingu sem var með ólíkum hætti á milli teyma. Tvær vel heppnaðar árshátíðir




Mynd 11

Endurkomuhlutfall eftir fæðingarorlof



Fjöldi í fæðingarorlofi á árinu
Aftur til vinnu eftir fæðingarorlof

Mynd 12



Hlutfall af heildarjölda sem fór í fæðingarorlof
Hlutfall sem sneri aftur eftir fæðingarorlof

Tafla 8

Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum

	2020	2021	2022	2023	2024
Stjórnendur	90%	92%	95%	99%	106%
Sérfræðingar	92%	91%	98%	96%	95%
Verkfræðingar	94%	91%	94%	106%	0%
Tækni- og sérmenntað starfsfólk	96%	89%	94%	93%	75%
Skrifstofufólk	100%	99%	100%	102%	88%
Þjónustu-, sölu og gæslustörf	0%	0%	0%	0%	0%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	86%	97%	94%	96%	83%
Véla- og vélagæslufólk	94%	97%	100%	97%	97%

voru haldnar, til að tryggja að allt starfsfólk í vaktavinnu hefði kost á að mæta. Alcoa Fjarðaál bauð starfsfólki sínu ásamt mökum í jólahlaðborð líkt og fyrri ár.

Sómi, starfsmannafélag Alcoa Fjarðaáls, stóð fyrir árlegri aðventuskemmtun fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra en þeir viðburðir eru mjög vel sóttir og marka oft upphafið að jólahaldinu hjá fjölskyldum starfsfólks.

Starfsfólki gefst kostur á að greiða mánaðarlegt framlag í Styrktarsjóð Starfsmannafélagsins Sóma. Þátttaka í sjóðnum er valfrjáls og greiðir Alcoa Fjarðaál mótframlag. Úthlutað er úr Styrktarsjóðnum til þeirra, sem í hann greiða, vegna alvarlegra veikinda eða slysa í nánustu fjölskyldu.

8.1.3 Kjaramál

Kjarasamningur við AFL/RSÍ sem undirritaður var snemma árs 2023 var í gildi til 28. febrúar 2025. Undirbúningur vegna nýs samnings hófst síðastliðið haust. Fyrstu samningafundir fóru fram í byrjun desember og samningafundir hafa síðan verið haldnir reglulega en ekki hefur enn verið gengið frá samningi þegar þetta er skrifað en vonast er til að samkomulag náist fljótlega.

8.2 Samsetning vinnuafls og velta starfsfólks

Alcoa Fjarðaál hefur ávallt haft það að markmiði að jafna kynjahlutföll og byggja upp vinnustað þar sem allt starfsfólk fær jöfn tækifæri til að njóta sín og vaxa í starfi. Fyrirtækið hefur ávallt haft jafnréttismál í brennidepli til að skapa vinnustaðarmenningu sem byggir á jafnrétti og fjölbreytni. Hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu árið 2024 var 24%.

Stjórnendur fyrirtækisins eru vakandi fyrir tækifærum til að jafna kynjahlutföll og þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki er tekið fram að störf henti fyrir öll kyn.

Heildarstarfsmannavelta lækkaði töluvert á



milli ára og var 10% árið 2024 samanborið við 15% árið áður. Á árinu var lögð áhersla á að skerpa á skipulagi teyma og ábyrgð einstaklinga, tryggja skilvirk ferli og útrýma sóun í öllum ferlum. Ákvarðanataka var byggð á gögnum og ákvörðunum jafnan fylgt eftir með skýrum og skilvirkum hætti til að ná settum markmiðum, enda sýna tölur úr starfseminni ótvírætt að mikill árangur hefur náðst á mörgum sviðum framleiðslunnar.

Hjá Alcoa Fjarðaáli hefur starfsfólk af erlendum uppruna fjölgað ört og er það til samræmis við þá breytingu sem hefur átt sér stað á íslenskum vinnumarkaði þar sem er lítið atvinnuleysi, spenna og mikil samkeppni um fólk. Það felast mörg tækifæri og verðmæti í fjölbreyttum vinnustað en á sama tíma áskoranir sem snúa einna helst að tungumálum og samskiptum.

Alcoa Fjarðaál býður starfsfólki af erlendum uppruna íslenskukennslu þar sem notast er bæði við kennara og snjalllausnina, Bara tala. Unnið er eftir þeirri stefnu að íslenska sé fyrsta mál og enska annað mál, þannig að sé þekking á íslensku ekki til staðar er enska notuð til að tryggja gagnkvæman skilning. Þetta er fyrst og fremst gert með öryggissjónarmiði að leiðarljósi en að auki til að skapa samheldni á vinnustaðnum og einfalda leiðir í samskiptum og upplýsingamiðlun.

8.3 jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Alcoa Fjarðaáls byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Alcoa Fjarðaál tengir jafnréttisáætlun sína jafnframt við gildin fjögur, sem Alcoa starfar eftir um allan heim, heilindi, árangur, umhyggju og hugrekki. Í starfsauglýsingum fyrirtækisins eru störf jafnan auglýst fyrir öll kyn. Störfin í álverinu eru þannig hönnuð að þeim má sinna á öruggan hátt óháð kyni. Foreldrar eru hvattir til að huga að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu og axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Það er stefna fyrirtækisins að skapa fjölskylduvænan vinnustað þar sem öllu starfsfólki líður vel. Hjá Alcoa Fjarðaáli eru kynferðisleg og kynbundin áreitni og einelti ekki liðin og eru slík mál tekin föstum tókum. Ef mál af þessum toga koma upp þá er fylgt eftir skýrum verkferlum til að tryggja heilbrigði og öryggi á vinnustaðnum. Í jafnréttisáætlun fyrirtækisins eru tilgreindir ábyrgðaraðilar að úrbótum og endurskoðun hennar.

Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á eftirfylgni jafnréttisáætlunar og frávikum frá henni með stuðningi jafnréttisnefndar Alcoa Fjarðaáls.

Innan móðurfélags Alcoa eru starfandi mannréttindahópar og tekur starfsfólk Alcoa Fjarðaáls þátt í vitundarvakningu þeirra.

Þessir hópar sem vísað er til eru EAGLE sem stendur vörð um og vekur athygli á baráttu LGBT+ fólks, AWN (Alcoa Women's Network) sem vekur athygli á stöðu kvenna og valdeflir þær í starfi, AWARE sem stendur fyrir menningarlegan fjölbreytileika auk ABLE hópsins sem hlúir að réttindum og tækifærum fatlaðs fólks á vinnumarkaði. Meginhlutverk stjórnenda og tengiliða hópanna er að leggja fyrir sameiginlega stefnu Alcoa á alþjóðavísu, varðandi ofangreinda málaflokka og útfæra framkvæmd stefnunnar með þeim hætti sem viðeigandi er á hverjum stað.



8.3.1 Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum

Tafla 8 sýnir laun kvenna, sem hlutfall af launum karla, greind niður á starfsflokka í fyrirtækinu. Við launaákvarðanir sérfræðinga er tekið tillit til reynslu, menntunar og hæfni auk þess sem laun eru borin saman við það sem gengur og gerist á markaði með þátttöku í kjarakönnunum. Launaákvarðanir starfsfólks sem starfar í framleiðslu og iðnaði eru bundnar í kjarasamningi, en mikilvægir þættir í þróun launa þessara hópa eru starfsaldur og vinnufyrirkomulag. Þá getur það haft mikil áhrif til breytinga ef fáar konur eru í ákveðnum hópum eða hafa styttri starfsaldur til dæmis í hópi iðnaðarmanna og sérmenntaðs starfsfólks.



8.3.2 Jafnlaunavottun

Alcoa Fjarðaál hefur verið með vottun samkvæmt jafnlaunastaðli velferðar-ráðuneytisins frá árinu 2017 og var fyrsta stórfyrirtækið hér á landi til að hljóta þá vottun. Árið 2024 fór fyrirtækið í gegnum úttekt sem staðfesti að unnið er samkvæmt skjalfestu verklagi og að kynbundinn launamunur mældist ekki hjá Alcoa Fjarðaáli.

8.4 Starfs og siðareglur

Starfs- og siðareglur Alcoa eru vegvísir fyrir heilindi starfsfólks og góða stjórnarhætti. Markmiðið er að þær veiti starfsfólki leiðsögn til að uppfylla viðmið félagsins hvað varðar góða viðskiptahætti sem snýr fyrst og fremst að því hvernig félagið vill stunda viðskipti á heimsvísu. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar árlega og fær starfsfólk markvissa fræðslu vegna þessa. Starfsfólk er hvatt til að tilkynna meðal annars brot af ýmsu tagi, svo sem spillingu, brot á mannréttindum, mismunun eða einelti, brot á hugverkaréttindum og mögulegar öryggisógnir. Nánari upplýsingar um starfs- og siðareglur má skoða í heild sinni í [hér](#).

8.5 Öryggi

Mikil áhersla er lögð á öryggi og heilsu

starfsfólks og verktaka hjá Alcoa Fjarðaáli. Unnið er markvisst að því að lágmarka hættu á slysum, lágmarka mengun, efla heilsu og stuðla að öruggu vinnuumhverfi. Sú hugmyndafræði sem notast er við þegar kemur að því að greina hættur, meta aðstæður og fyrirbyggja frávik eða slys nefnist „Mannleg hegðun“ og hefur þessi nálgun reynst vel. Starfsfólk beitir einnig aðferðafræði sem kallast „Stjórnun helstu áhættuþátta“ til að tryggja að réttu varnirnar gegn þekktum hættum séu ávallt til staðar. Mikil áhersla er lögð á rétt starfsfólks til að „Stoppa og leita sér hjálpar“ ef það upplifir óöryggi eða hefur ekki næga þekkingu á verkinu sem er verið að vinna. Þá er skylda að halda verkfund áður en verk hefst ef hætta á slysum er talin vera til staðar. Alcoa Fjarðaál fylgir stefnu sinni og móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum.

Markvisst er unnið að umbótum í starfs-umhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks. Öll slys og óhöpp eru skráð til að læra af þeim. Félagið er vottað af OHSAS 18001 heilsu- og öryggisstjórnunarkerfinu. Allt starfsfólk fær grunnþjálfun í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Hjá Alcoa Fjarðaáli eru starfandi heilsu- og öryggisnefndir en hlutverk þeirra er að stuðla að bættu

heilbrigði og öryggi á vinnustað. Nefndir vinna að ýmsum málefnum og koma að þjálfun svo sem í fallvörnum, útlæsingum og hættulegum efnum svo einhver dæmi séu nefnd. Jafnframt stuðla nefndirnar að ýmsum endurbótum sem miða að því að gera vinnustaðinn öruggari með því að útrýma hættum og bæta vinnuaðstöðu og verklag.

8.5.1 Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi

Slys, „næstum því slys“ og frávik gagnvart heilsu og öryggi eru skráð inn í atvikaskráningakerfi og tilkynnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Framkvæmdar eru rótargreiningar og fyrirbyggjandi aðgerðir innleiddar til þess að samskonar atvik endurtaki sig ekki. Á árinu 2024 voru skráð 45 „næstum því slys“ og 3 slys þar sem starfsfólk slasast og getur því ekki sinnt sínu hefðbundna starfi í framleiðslunni. Framkvæmdar voru 19.502 öryggisúttektir árið 2024 samanborið við um 17.714 úttektir árið á undan. Þessar úttektir eru afar mikilvægar fyrir öryggi starfsfólks en markmiðið er að greina tækifæri til umbóta í öryggismálum áður en slys eiga sér stað auk þess sem þær stuðla að aukinni viðveru stjórnenda á framleiðsluvæðunum og að röng hegðun sé leiðrétt á staðnum. Sýnt



hefur verið fram á fylgni milli tíðni úttekta og fækkunar slysa.

8.6 Heilsa og velferð

Alcoa Fjarðaáli er annt um heilsu síns starfsfólks og leggur mikla vinnu í að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma eins og til dæmis öndunarfærasjúkdóma, heyrnarskerðingu, húðvandamál og langvarandi stoðkerfissjúkdóma. Árlega eru framkvæmdar fjölmargar mælingar til að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi starfsfólks, til dæmis hljóðmælingar og loftgæðamælingar á andrúmslofti. Hjá Alcoa er rekin vel útbúin heilsugæsla og hafa hjúkrunarfræðingar viðveru þar. Meginmarkmið starfsins er að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma hjá starfsfólki. Starfsfólk fær jafnframt fræðslu um varnir og hvernig best sé að hlúa að eigin vellíðan og öryggi í starfi.

8.6.1 Nýtt vaktakerfi

Frá því að breyting var gerð á vaktakerfi starfsfólks í september 2022 hefur gætt ákveðinnar óvissu varðandi hvort það kerfi væri komið til skamms eða langs tíma. Mikil vinna var lögð í undirbúning og samstarf hagaðila á árinu 2022 með innleiðingu nýs kerfis með það að markmiði að tryggja

velferð starfsfólks og nægilega hvíld á milli vakta. Lagt var upp með að kerfið yrði endurskoðað að ári liðnu og árangur breytinganna metinn.

Frá seinni hluta árs 2023 og allt árið 2024 var lögð mikil vinna í að ná stöðugleika í framleiðslu og ákveðið var að fresta vinnu við endurskoðun vaktakerfis. Sú vinna hófst í nóvember 2024 og fengnir voru utanaðkomandi aðilar til að vinna greiningarvinnu og tillögur að framkvæmd. Í desember gerði Gallup könnun meðal vaktavinnufólks hjá Fjarðaáli þar sem spurt var um viðhorf til vaktakerfa. Þátttaka í könnuninni var 89% og niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundum í upphafi árs 2025. Í framhaldi voru skipulagðar vinnustofur með vaktavinnufólki.

8.6.2 Velferðarþjónusta

Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk og nánustu ættingja þess í samstarfi við Heilsuvernd. Þjónustan felur í sér að starfsfólk og nánustu ættingjar þess geta leitað aðstoðar hjá breiðum hópi fagaðila vegna persónulegra erfiðleika eða óvæntra áfalla. Þjónustan er starfsfólki að kostnaðarlausu og án milligöngu stjórnenda fyrirtækisins. Fullur trúnaður er viðhafður og upplýsingar ekki veittar til vinnustaðarins. Hver starfsmaður getur fengið sex klukkutíma þjónustu, til dæmis fjármálaráðgjöf, lögfræðiaðstoð, sálfræðiráðgjöf, lífsstílsráðgjöf og svefnmeðferð á netinu.

8.6.3 Heilsueflingarnefnd

Hjá Alcoa Fjarðaáli hefur í gegnum tíðina verið starfrækt heilsueflingarnefnd sem skipuleggur ýmsa viðburði til heilsueflingar fyrir starfsfólk. Á árinu 2024 stóð nefndin fyrir viðburðum til aukinnar fræðslu og vitundarvakningar um heilsu og vellíðan í lífi og starfi.

8.6.4 Heilsugæsla

Heilsugæsla er starfrækt í álveri Alcoa Fjarðaáls og er hún opin alla virka daga frá kl. 8 til 16. Þar starfa hjúkrunarfræðingar sem veita fjölbreytta þjónustu. Gera þurfti

breytingu á starfsemi heilsugæslunnar vegna myglu sem fannst í húsnæðinu. Unnið var að endurbótum á seinni hluta ársins og hafði það í för með sér að heilsugæslan flutti á milli rýma með tilheyrandi skerðingu á þjónustunni. Starfsfólk heilsugæslunnar sér um almenna heilsutengda fræðslu starfsfólks og skipulagningu á viðveru lækna á heilsugæslunni.


Á árinu 2024 fóru 87 starfsmenn í reglubundna læknisskoðun, 160 í öndunarmælingu og 204 í heyrnarmælingu. Á árinu 2024 voru 68 læknisskoðanir vegna nýráðninga og 34 læknisskoðanir vegna sumarráðninga.

8.7 Hlunnindi fastráðins starfsfólks

Starfsfólk Alcoa Fjarðaáls hefur aðgang að mötuneyti og heilsugæslu á vinnustaðnum. Jafnframt fá þau fríar rútuferðir til og frá vinnu. Sex raftenglar eru á aðalbílastæði fyrirtækisins þar sem starfsfólki gefst kostur á að hlaða rafbíla á vinnutíma. Rafbílum í eigu starfsfólks fer fjölgandi og hafa tenglarnir verið vel nýttir frá því að þeir voru settir upp og merkja má aukningu í notkun þeirra milli



Þjálfun sem hlutfall af heildarvinnustundafjölda



Þjálfunartímar

Hlutfall af vinnutíma

Starfsmannavelta eftir kyni

	2021	2022	2023	2024
Karl	9%	8%	11%	7%
Kona	5%	3%	4%	3%
Samtals	14%	11%	15%	10%



ára. Fyrirtækið gefur starfsfólki sínu jólagjöf á hverju ári og eins fær starfsfólk páskaegg fyrir páskana. Sú gjöf er jafnan líka góðgerðarstarf, það er að segja Alcoa Fjarðaál hefur styrkt gott málefni með kaupum á páskaeggjum handa starfsfólki.

Starfsfólki gefst kostur á að sækja um styrki vegna líkamsræktar, gleraugnakaupa, heyrnartækja, laseraðgerða á augum, meðferðar hjá hnykk-lækni, sjúkrapjálfa, nuddara eða fótáðgerðasérfræðingi og vegna göngugreiningar og innleggja í skó. Ristilspeglun í forvarnarskyni gegn krabbameini fyrir 50 ára og eldri er einnig að fullu greidd.

8.8 Starfsþróun og endurmenntun

Alcoa Fjarðaál leggur mikinn metnað í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks. Á árinu 2024 fór fram mikil endurskoðun á efni, framsetningu og tækifærum til umbóta varðandi ferli, kostnað og skipulagningu náms. Meginmarkmið þessarar endurskoðunar var að nútímavæða námsefnið og einfalda aðgengi með tilheyrandi lækkandi kostnaði fyrir fyrirtækið og hagræðingu fyrir starfsfólk. Árið einkenndist af greiningarvinnu og ákveðnum hagræðingaraðgerðum en á fyrri hluta árs 2025 má gera ráð fyrir að verklag breytist með markvissum breytingum og afurðum þessarar vinnu. Meðal þess sem mun



Tafla 10

Starfsmannavelta eftir aldurshópi (m.v. heildarfj stn.)	2021	2022	2023	2024
18-20	1%	2%	1%	0%
21-25	3%	2%	3%	2%
26-30	3%	2%	3%	2%
31-35	1%	1%	2%	2%
36-40	1%	1%	2%	1%
41-45	1%	1%	1%	1%
46-50	1%	1%	1%	1%
51-55	1%	0%	0%	0%
56-60	0%	1%	0%	0%
61-66	0%	1%	1%	1%
66-	1%	1%	1%	0%
Samtals	14%	12%	15%	10%

Tíðni slysa

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjarveruslys	2	1	0	2	0	1	1	4	3
Næstum-því-slys	18	12	13	11	5	6	8	17	45
Tíðni fjarveruslysa	0,44	0,23	0	0,46	0	0,23	0,22	0,68	0,45
Tíðni meðferðaslysa	2,64	2,71	2,05	2,54	3,5	3,06	2,38	2,57	1,94
Tíðni allra slysa	17,63	14,26	16,4	14,33	16,44	15,8	13,73	16,16	21,39
Tíðni fjarveru og vinnutakmarkana	0,44	0,9	0,45	1,62	1,4	1,4	1,22	0,68	0,45



36.240

VINNUSTUNDUM VARIÐ Í ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS ÁRIÐ 2024



ÞAÐ GERA



4,4%

AF VINNUTÍMA STARFSFÓLKS ÞAÐ ÁRIÐ



22 útskrifuðust úr framhaldsnámi frá Stóriðjuskóla Fjarðaáls árið 2024

eiga sér stað er að hluti þjálfunar og fræðslu verður færður yfir í námskeið á netinu.

Fyrirtækið býður starfsfólki sem uppfyllir ákveðnar kröfur að stunda nám við Stóriðjuskóla Alcoa Fjarðaáls en námið skiptist í grunnnám og framhaldsnám. Skólinn er samstarfsverkefni Alcoa Fjarðaáls og Austurbrúar. Frá því að skólinn tók til starfa haustið 2011 hafa alls 323 nemendur útskrifast úr náminu, þar af 169 úr grunnnámi og 154 úr framhaldsnámi. Á árinu 2024 útskrifuðust 19 úr grunnnámi og 22 úr framhaldsnámi Stóriðjuskólans.

Hugmyndin að Stóriðjuskólanum er upphaflega fengin frá álverinu í Straumsvík en námið hefur verið aðlagð að þörfum Alcoa Fjarðaáls. Stóriðjuskólinn er bæði hagur fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess. Starfsfólk sem stundar námið bætir við sig þekkingu og að loknu námi fá þau jafnframt launahækkun samkvæmt kjarasamningi. Fyrirtækið er fyrir vikið með hæfara starfsfólk sem getur tekið á sig aukna ábyrgð og leiðbeint reynsluminna samstarfsfólki en það skiptir sköpum fyrir stöðugleika verksmiðjunnar að hafa þar hæft og reynsluríkt fólk. Þá er hluti námsins metinn til stúdentsprófs og er góður grunnur fyrir áframhaldandi nám. Á árinu 2024 varði starfsfólk Alcoa Fjarðaáls 36.240 klukkustundum til þjálfunar og notaði því hvert og eitt um 4,4% af sínum vinnutíma til þjálfunar. Það er aukning frá fyrri árum og er í samræmi við aukna áherslu Alcoa Fjarðaáls á fræðslu og þjálfun starfsfólks.

Samfélagsmarkmið 2024 - Árangur

Þróa áfram íslenskupjálfun fyrir erlent starfsfólk. Markmið náðist, fjárfest var í snjallforritinu "Bara tala" og býðst öllu erlendu starfsfólki að læra íslensku sér að kostnaðarlausu í gegnum forritið eða með leiðbeinanda á staðnum.

Taka ákvörðun um endanlega innleiðingu á breyttu vaktakerfi. Markmiðið náðist ekki. Vinna við endurskoðun vaktakerfis teygðist fram yfir áramót. Stefnt er að því að endanleg ákvörðun um framtíð vaktakerfisins liggi fyrir 2025.

Ljúka innleiðingu og festa í sessi breytt fyrirkomulag jafnréttisnefndar. Markmið náðist ekki. Unnið verður að þessu markmiði árið 2025.

Fullmóta og festa í sessi reglulega fundi starfsfólks (Town Hall). Markmið náðist og voru haldnir reglulegir fundir með starfsfólki.

Hefja notkun öryggissmyndavéla á vinnusvæðinu. Markmið náðist, árið 2024 hófst notkun öryggissmyndavéla á vinnusvæðum Alcoa Fjarðaáls.

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við hagsmunaaðila og vill vera fyrirmynd í samfélagsábyrgð með því að skapa jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Stjórnendur eiga í reglulegum samskiptum við hagsmunaaðila og funda með þeim um sameiginleg hagsmunamál. Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) veita fé til mikilvægra málefna með áherslu á verkefni sem tengjast áhrifasvæði álversins. Alcoa Fjarðaál hefur vaktað samfélagsvísa frá því rekstur álversins hófst.

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og opið samtal við hagsmunaaðila til að skapa jákvæð og varanleg áhrif á nærsamfélagið.



9.1 Efst á baugi 2024

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

8. mars er alltaf haldinn hátíðlegur innan Alcoa. Í tilefni dagsins 2024 sendi Tengslanet kvenna hjá Alcoa (AWN) frá netviðburði þar sem konur frá ýmsum rekstrareiningum Alcoa um allan heim kynntu ólík framfaraverkefni sem byggja á vinnuvistfræði.

Forsetaframbjóðendur í heimsókn

Þó nokkrir forsetaframbjóðendur heimsóttu Alcoa Fjarðaál á meðan á kosningabaráttunni stóð árið 2024. Halla Tómasdóttir sótti álverið heim ásamt eiginmanni sínum. Þá komu frambjóðendurnir Baldur Þórhallsson og Halla Hrund Logadóttir einnig í heimsókn. Í öllum heimsóknum frambjóðendanna var starfsfólki boðið til samtals við þau í mötuneyti Fjarðaáls.

Forstjóri Alcoa Corporation í heimsókn

Bill Oplinger, forstjóri Alcoa Corporation, Matt Reed, aðalframkvæmdastjóri framleiðslu Alcoa Corporation og Veronica Dolç, yfirmaður álframleiðslu Alcoa í Evrópu

lögðu leið sína í Fjarðaál í apríl 2024. Þau áttu fundi með stjórnendum Fjarðaáls, fóru í skoðunarferðir um álverssvæðið og héldu fund með öllu starfsfólki á vakt. Skilaboðin sem þau komu á framfæri á þeim fundi voru skýr, að rekstur Fjarðaáls væri á réttum kili og var starfsfólk hvatt til þess að halda áfram á sömu braut.

Árlegt kvennakaffi

Frá því álverið hóf rekstur hefur skapast hefð fyrir því að fagna sérstaklega íslenska kvenréttindadeginum, þann 19. júní, með því að bjóða konum á Austurlandi í svokallað Kvennakaffi í matsal Fjarðaáls. „Árið 2024 var engin undantekning þar á en fjöldi kvenna úr nærsamfélaginu kom saman, naut lifandi tónlistar og hlýddi á erindi frá Heiðu Ingimarsdóttur og Svanhildi Björgu Pétursdóttur. Viðburðurinn er mikilvægur hluti af skuldbindingu Alcoa Fjarðaáls til jafnréttismála.

Fögnum fjölbreytileikanum

Júnímánuður er tileinkaður hinseginleikanum á heimsvísu undir yfirskriftinni PRIDE og tekur Alcoa virkan þátt í að fagna honum.



Halla Tómasdóttir sótti Fjarðaál heim í forsetakosningabaráttunni og spjallaði við starfsfólk í mötuneytinu



Sjálfboðaliðar gæða sér á pizzu eftir vel heppnað sjálfboðaliðaverkefni Alcoa Foundation í Sólinni, félagsmiðstöð fyrir börn með sérparfir

Í tilefni af PRIDE mánuðinum voru fjórir stigar í aðalbyggingu Fjarðaáls gerðir sérstaklega litríkir þegar þeir voru skreyttir með fánalitum hinseginleikans. Þá var EAGLE deginum hjá Alcoa fagnað sérstaklega í Fjarðaáli með því að bjóða upp á regnbogaköku eftir hádegismatinn. EAGLE er einn af fjórum inngildingarhópum sem starfræktir eru innan Alcoa á heimsvísu. Í EAGLE er unnið að jafnréttismálum hinseginfólks í víðu samhengi og baráttumál samtakanna byggjast á virðingu og jöfnum tækifærum.

20 ár frá fyrstu skóflustungu

Þann 8. júlí voru slétt 20 ár liðin frá fyrstu skóflustungu álversins. Haldið var upp á daginn með grillveislu fyrir starfsfólk í glampandi sólskinu á lóð Fjarðaáls.

Alcoa Fjarðaál hlaut Sjálfbærniásinn

Alcoa Fjarðaál hlaut í september Sjálfbærniásinn við hátíðlega athöfn í Háskólanum í Reykjavík. Sjálfbærniásinn er nýr mælikvarði sem metur viðhorf almennings til frammistöðu íslenskra fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum. Könnunin að baki Sjálfbærniássins saman-

stendur af sex spurningum sem kanna viðhorf neytenda til frammistöðu fyrirtækja í sjálfbærnimálum. Spurningarnar snúa meðal annars að því hvort fyrirtæki leggi sitt af mörkum til samfélagsins, hvort þau hugi að velferð viðskiptavina og hvort þau leitist við að lágmarka sóun. Alcoa Fjarðaál hlaut hæstu einkunn í flokki álframleiðenda.



19. júní ár hvert er haldið kvennakaffi í Fjarðaáli í tilefni af kvenréttindadeginum



Alcoa Fjarðaál hlaut Sjálfbærniásinn 2024 í flokki álframleiðenda

Nóvember var stór sjálfbœðaliðamánuður

Haustið 2024 var aftur opnað fyrir styrki fyrir Action-verkefnum. Action-verkefni virka þannig að starfsfólk getur sótt um styrk til Fjarðaáls fyrir tilteknu verkefni fyrir félaga- eða góðgerðasamtök sem þau tilheyra. Umsækjandinn hvetur svo samstarfsfólk sitt og aðra í félagasamtökunum til þátttöku í verkefninu. Ef átta eða fleiri sjálfbœðaliðar úr hópi starfsfólks Alcoa gefa vinnu sína í verkefnið, veitir Alcoa Fjarðaál félagasamtökunum fjárstyrk fyrir verkefninu.

Þann 9. nóvember var fyrra Action-verkefni mánaðarins unnið þegar hópur sjálfbœðaliða frá Fjarðaáli og Rekstrarfélagi Hattar einangraði loftið í nýju vallahúsi við Fellavöll. Húsið mun gjörbæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á Austurlandi. Seinna Action-verkefni nóvembermánaðar var unnið 19. nóvember þegar hópur sjálfbœðaliða frá Alcoa og Hestamannafélaginu Blæ vann að endurbótum á aðstöðu hestamannafélagsins í Dalahöllinni í Neskaupstað.

Í nóvember var auk þessara tveggja Action verkefna ráðist í stórt sjálfbœðaliðaverkefni á vegum Alcoa Foundation í Sólinni, frístundamiðstöð fyrir börn með sérþarfir. Þar voru útbúin sjö mismunandi rými sem öll styðja við þroska og þarfir barnanna í gegnum skynjun, skapandi leik og hreyfingu.

9.2 Hagsmunaaðilar

Alcoa Fjarðaál hefur greint hagsmunaaðila félagsins með það fyrir augum að meta betur þarfir, áherslur og sameiginlega hagsmuni haghafa. Hagsmunaaðilar skiptast í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðaumhverfi. Hagsmunaaðilagreining fyrirtækisins var gerð í samstarfi við ráðgjafa á vinnufundum með þverfaglegum hópum starfsfólks. Taldir voru upp hagsmunaaðilar og þeir skilgreindir eftir snertifleti og mikilvægi. Alcoa Fjarðaál er stórt fyrirtæki í litlu samfélagi og því fylgir mikil ábyrgð. Fyrirtækið hefur ávallt lagt mikið upp úr góðum samskiptum við fjölbreytta hópa hagsmunaaðila með reglulegum fundum og samstarfi.

9.2.1 Könnun meðal íbúa

Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins í nærsamfélaginu. Því skiptir sköpum að rækta það samband á markvissan hátt með samtali og samstarfi. Virkt samtal við samfélagið er ein af meginstöðunum í samfélagsstefnu Alcoa Fjarðaáls og árlega er mæld ánægja íbúa á Austurlandi með fyrirtækið.


Í könnun sem Gallup framkvæmdi haustið 2024 voru 78,3% svarenda jákvæðir eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls sem er hækkun á milli ára en árið 2023 voru 75,2% svarenda jákvæðir.

Í sömu könnun voru íbúar á Austurlandi spurðir hvort þeir teldu álver Alcoa Fjarðaáls hafa haft jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á Austurlandi en 93,7% svarenda töldu áhrifin vera frekar eða að öllu leyti jákvæð. Það er hækkun á milli ára og jöfnun á hæstu mælingu fyrir þennan lið sem gerð var árið 2021.

Þá voru íbúar spurðir hvernig þeim þætti fyrirtækið standa sig í hinum ýmsu þáttum samfélagsábyrgðar. Íbúar á Austurlandi telja Alcoa Fjarðaál standa sig best þegar kemur

Hagsmunaaðilagreining

Fjarðaál hefur unnið greiningu á hagsmunaaðilum félagsins til að gera sér betur grein fyrir þörfum og áherslum hópanna. Hagsmunaaðilar skiptast í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðaumhverfi. Hagsmunaaðilagreining fyrirtækisins var gerð á hugarflugsfundi með þverfaglegum hópi starfsmanna. Taldir voru upp hagsmunaaðilar og þeir skilgreindir eftir snertifleti og mikilvægi.





að heilsu- og öryggismálum en 81,4% svarenda telja fyrirtækið standa sig vel eða mjög vel í þeim málum. Því næst eru 79,6% sem telja að Alcoa Fjarðaál standi sig vel í jafnréttismálum en árið 2023 mældist hlutfallið 83,2% svo það er lækkun á milli ára.

Íbúar voru einnig spurðir hvernig þeim þætti fyrirtækið standa sig í umhverfismálum en 60,2% telja að Alcoa Fjarðaál standi sig frekar eða mjög vel. Að mati svarenda stendur fyrirtækið sig síst í að eiga í opnum samskiptum við almenning þar sem 60,1% töldu Fjarðaál gera það vel eða mjög vel og er það hækkun frá árinu áður þar sem hlutfallið mældist 56,5%.

9.2.2 Góð samskipti og upplýsingagjöf

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til íbúa á Austurlandi og annarra haghafa. Útgáfa samfélagsskýrslu er liður í þeirri upplýsingagjöf en þar er greint frá áhrifum starfseminnar á efnahag, umhverfi og samfélag. Alcoa Fjarðaál er jafnframt með síðu á Facebook og nýtir hana til að eiga í gagnvirkum samskiptum og miðla

upplýsingum varðandi Alcoa Fjarðaál og áliðnaðinn á Íslandi. Stjórnendur Alcoa Fjarðaáls eiga í reglulegum samskiptum við aðra hagsmunaaðila svo sem bændur á svæðinu, þingmenn kjördæmisins og ráðherra sem hafa með málaflokka fyrirtækisins að gera. Alcoa Fjarðaál er aðili að samtökum álframleiðenda á Íslandi (Samál), Álklasanum, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Góð samskipti og upplýsingagjöf eru lykilþættir í starfseminni bæði innan og utan fyrirtækisins, við starfsfólk jafnt sem verktaka og birgja. Reglulega eru haldnir fundir fyrir allt starfsfólk álversins þar sem fjallað er um málefni og stöðu fyrirtækisins frá ýmsum hliðum. Jafnframt eru reglulegir fundir með verktakafyrirtækjum og birgjum þar sem farið er yfir helstu mál og stöðu í málaflokkum sem tengjast m.a. rekstri fyrirtækisins, umhverfi, heilsu og öryggi. Nánar má lesa um líðan starfsfólks og samskipti fyrirtækisins við það í mannauðskafla skýrslunnar.

Íbúar eru hvattir til að koma á framfæri ábendingum til fyrirtækisins. Það er hægt

að gera með margvíslegum hætti: í gegnum símanúmer Fjarðaáls 470 7700, með tölvupósti á fjardaal@alcoa.com eða með því að fara í gegnum heimasíðu Fjarðaáls, www.alcoa.is og velja þar „Hafa samband“.

9.3 Styrkir til góðra verka

Árið 2024 vorðu Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) samtals 98,4 milljónum króna í styrki til hinna ýmsu samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi. Samfélagsstyrkir Alcoa Fjarðaáls voru 46,4 milljón krónur árið 2024 og hækkuðu um rúmlega 11 milljónir á milli ára. Styrkir úr Alcoa Foundation voru 52 milljónir króna árið 2024 og hækkuðu um 28 milljónir á milli ára. Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið varið samtals um fimm milljörðum króna til ýmissa samfélags- og innviðaverkefna. Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga, stjórnmalasamtaka, trúfélaga eða til almenns reksturs félaga. Í töflu 12 má sjá skiptingu styrkjanna árið 2024.

9.3.1 Styrktarsjóður Alcoa Fjarðaáls

Alcoa Fjarðaál starfrækir styrktarsjóð sem úthlutar styrkjum til samfélagsverkefna á Austurlandi. Árið 2024 veitti sjóðurinn styrki til 25 verkefna, samtals 46,4 milljónir króna. Þar má til dæmis nefna Björgunarsveitina Gerpi í Neskaupsstað, sem fékk 650 þúsund kr. í styrk til að auka við drónadeild sveitarinnar og Göngufélag Suðurfjarða, sem fékk 400 þúsund kr. í styrk til að hreinsa fjörur og merkja gönguleiðir.


Alcoa Fjarðaál veitti Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði árlegan styrk til að standa fyrir menningarviðburðum, samtals 2,5 milljónir króna árið 2024 og einnig fékk Sláturhúsið menningarmiðstöð á Egilsstöðum 2,5 milljónir króna til að standa að menningarviðburðum. Alcoa Fjarðaál styrkti einnig áfallateymi Fjarðabyggðar og Múlapings um 2 milljónir króna til þess að styðja við samfélagið í kjölfar áfalla sem dundu yfir á árinu 2024.

Greiddir voru styrkir til íþróttafélaga á Austurlandi, samtals 218 milljónir króna

Tafla 12

Styrkveitingar 2024 - upphæðir eftir flokkum (krónur)	
Action-styrkir	800.000
Umhverfi og náttúruvernd	700.000
Öryggi og heilsa	9.850.000
Menning og félagsstörf	13.250.000
Íþróttir	21.800.000
Alcoa Foundation	52.000.000
Samtals	98.400.000

Mýnd 16



og venju samkvæmt voru jólasjóðirnir í Fjarðabyggð og Múlaþing styrktir um 700 þúsund hvor, sem er 200 þúsund króna hækkun í hvorn sjóð um sig frá árinu 2023.

9.3.2 Styrkir frá Alcoa Foundation

Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum (Alcoa Foundation) hefur veitt samfélagsstyrki til verkefna hérlandis, mestmegnis á Austurlandi, frá því að Alcoa hóf starfsemi á Íslandi. Sjóðurinn leggur áherslu á að styðja við verkefni sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi á sviði umhverfis-, mannréttinda- eða menntamála. Árið 2024 styrkti Alcoa Foundation verkefni hér landi fyrir 393 þúsund dali eða um rúmar 52 milljónir króna.

Stærsta styrkinn á árinu, samtals að upphæð rúmar 30 milljónir króna, hlaut Austurbrú vegna verkefnis sem gengur undir vinnuheitinu „Geðræktarmiðstöð á Austurlandi“. Verkefnið er samstarfsverkefni Starfsendurhæfingar Austurlands (StarfA), Heilbrigðisstofnunar Austurlands,



Alcoa Foundation styrkir nýtt geðheilbrigðis-
úræði á Austurlandi um 30 milljónir

sveitarfélaganna Múlaþings og Fjarða-
byggðar auk Austurbrúar sem leiðir verk-
efnið.

Menntunarsjóður björgunarsveita á Austur-
landi hlaut styrk til að efla endurmenntun
og standa fyrir námskeiðum fyrir
björgunarsveitarfólk á Austurlandi. Um er
að ræða styrk til þriggja ára sem hljóðar
upp á rúmar 23 milljónir en árið 2024 veitti
sjóðurinn 7 milljónum íslenskra króna í
verkefnið.

Unnið var áfram að samstarfsverkefni stóru
sveitarfélaganna tveggja á Austurlandi,
Fjarðabyggðar og Múlaþings, um að efla
sjálfsvitund og sjálfstraust ungmenna
í grunnskólum sveitarfélaganna. Verk-
efnið leggur einnig áherslu á að efla
raungreinakennslu fyrir sama hóp, með
það að markmiði að fjölga þeim sem velja
slíkt svið í framhaldsnámi. Heildarupphæð
styrksins er rúmar 26 milljónir íslenskra
króna. Verkefnið er til þriggja ára en árið
2024 var þriðji og síðasti hlutinn greiddur út,
rúmlega 9 milljónir íslenskra króna.

Sólin, frístundapjónusta fyrir börn og
ungmenni með sérþarfir sem rekin er af
Múlaþingi, hlaut tveggja milljóna króna styrk
frá Alcoa Foundation. Nánar er fjallað um
sjálfbæðaverkefnið sem tengist styrknum
í kafla 9.1. Hjá Sólinni er boðið upp á þjónustu
eftir hefðbundinn skóladag og á þeim
tímum þegar skólar eru ekki starfræktir.

Þá fékk Náttúruskólinn fjögurra milljóna
króna styrk frá Alcoa Foundation. Skólinn
hefur aðstöðu í Óbyggðasetrinu í botni
Fljótsdals. Í útinámi og á námskeiðum
Náttúruskólans er lögð áhersla á fjölbreytni,
samvinnu og sjálfstraust, umhverfisvitund,
heilsueflingu og áskoranir.

9.4 Sjálfbær þróun á Austurlandi

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og
Landsvirkjunar hefur verið starfrækt frá
árinu 2004 með það að markmiði að
fylgjast með áhrifum framkvæmda og



reksturs Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Markmiðið er að fylgjast með þróun vísa sem í flestum tilfellum eru tölulegir mælikvarðar sem gefa vísbendingu um þróun umhverfis-efnahags- og samfélagsmála á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar.

Heimasíða verkefnisins er sjalfbaerni.is. Gagnasöfnun á vegum fyrirtækjanna í verkefnið hefur nú staðið yfir í 20 ár og hefur það vakið athygli víða út fyrir landssteinana. Frá árinu 2020 hefur verið samningur í gildi við Austurbrú sem séð hefur um ráðgjafapjónustu, viðhald og þróun sjálfbærniverkefnisins og gildi sá samningur út árið 2024. Hlutverk Austurbrúar var að vinna með stýrihópi verkefnisins að hvers konar kynningu þess, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, undirbúningi funda, skipulagningu ásamt viðhaldi og rekstri á vef verkefnisins sem og önnur tilfallandi verkefni sem stýrihópur fól ráðgjafa að vinna. Á árinu 2024 var unnið að endurnýjun samnings til eins árs þar sem Austurbrú gerir upp síðustu 20 ár og metur þau áhrif sem að Kárahnjúkavirkjun og álverið hafa haft á samfélagið, efnahag og umhverfi.





9.5 Samfélagsmarkmið 2024 – Árangur

Bjóða upp á sameiginlegan fund með sveitarstjórnarfólki á Austurlandi. Markmiðið náðist ekki. Stjórnendur Fjarðaáls áttu þó reglulega fundi með sveitarstjórn Fjarðabyggðar.

Fara í kynningarátak um styrkveitingar og styrkhafaúr sjóðum Alcoa. Markmiðið náðist með aukinni virkni á samfélagsmiðlum þar sem styrkveitingum var komið á framfæri.

Hækka heildarupphæð í samfélagssjóði. Markmið náðist, heildarupphæð úthlutana hækkaði um rúma milljón króna á milli ára.

Megináherslan í samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls er að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál býður út ýmsa stoðþjónustu til annarra fyrirtækja og gerir þeim þannig kleift að byggja upp starfsemi sína á svæðinu. Fyrirtækið hvetur viðskiptavinum, birgja og þjónustuaðila til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar og er með ákvæði þess efnis í samstarfssamningum við birgja. Alcoa Fjarðaál tekur tillit til umhverfisstefnu birgja og þjónustuaðila sem fyrirtækið á viðskipti við. Viðskiptasamningar milli tengdra félaga eru sambærilegir og við ótengd félög í samræmi við fjárfestingasamning ríkisins og Alcoa og gildandi lög.

Alcoa Fjarðaál stuðlar að stöðugri og ábyrgri verðmætasköpun með gagnsæjum viðskiptaháttum, traustu samstarfi í virðiskeðju og jákvæðum áhrifum á nærsamfélagið og íslenskt efnahagslíf.



10.1 Almennar upplýsingar

Í kerskálum Alcoa Fjarðaáls eru 336 ker sem framleiða ál. Þau eru endurnýjuð á 5–7 ára fresti. Á árinu 2024 voru að meðaltali um 324 ker í rekstri. Framleiðslan í kerskála var um 341 þúsund tonn sem er um 6 þúsund tonnum minna en á fyrra ári. Hágæði þess áls sem fyrirtækið framleiðir gera það að verkum að stór hluti af því er nýttur í virðisskapandi vörur líkt og álvír og melmi.

Alcoa Fjarðaál sf. selur alla framleiðslu félagsins til sölufyrirtækis í Hollandi sem er eigu Alcoa. Megnið af framleiðsluvörum fyrirtækisins fer síðan til evrópskra viðskiptavina. Súrálkaup Fjarðaáls á árinu 2024 voru 42% frá Alcoa of Australia–Alumina og 58% frá Alcoa World Alumina LCC í Bandaríkjunum. Forskaut félagsins eru framleidd í Mosjoen í Noregi hjá Alcoa Norway ANS sem er í eigu Alcoa. Viðskiptasamningar milli tengdra félaga eru sambærilegir og við ótengd félög í samræmi við fjárfestingasamning ríkisins og Alcoa og gildandi lög.

10.2 Lykiltölur

Ástand á mörkuðum 2024 var nokkuð betra en á árinu 2023 og var meðalverð áls 2.409 USD á tonn miðað við 2.249 USD á tonn á samanburðarári. Hráefnisverð til álframleiðslu hækkaði hins vegar einnig á milli ára sem hafði áhrif á afkomuna en hún var í meðallagi líkt og sjá má á mynd 17.

Spár gera ráð fyrir vaxandi eftirspurn eftir áli og sérstaklega með lágu kolefnisfótspori. Kolefnisfótspor áls frá Alcoa Fjarðaáli er með því lægsta sem þekkist í álframleiðslu í heiminum. Framboð af áli frá Kína hefur haft veruleg áhrif á verðlagningu áls síðustu ár enda framleiðir Kína meirihluta þess áls sem notað er í heiminum. Ljóst er að í Kína er ekki framleitt hlutfallslega mikið ál með lágt kolefnisfótspor.

Útflutningsverðmæti Alcoa Fjarðaáls á árinu 2024 nam 133 milljörðum íslenskra

króna (966 milljónir USD) og af þeim tekjum urðu um 33% eftir í landinu, eða um 44 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu rúmlega 9 milljörðum íslenskra króna.

Alcoa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti, meðal annars í formi skattgreiðslna en félagið greiddi 1,8 milljarð króna í skatta og opinber gjöld¹ á Íslandi árið 2024 sem sjá má í töflu 13. Fjárfesting Alcoa Fjarðaáls á sínum tíma var ein sú mesta sem um getur í Íslandssögunni en hún nam um 230 milljörðum króna.

10.3 Fjármögnun fyrirtækisins

Árið 2003 var undirritaður fjárfestingar-samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa. Samningurinn byggir á lögum 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði sem samþykkt voru frá Alþingi 11. mars sama ár. Samningurinn er opinber og öllum aðgengilegur á vef Alþingis. Fjarðaál hefur alla tíð starfað í samræmi við fjárfestingarsamninginn og almenn lög sem gilda í landinu. Í lok árs 2018 var fjármögnun Alcoa á Íslandi² endurskoðuð af móðurfélaginu. Eigið fé fyrirtækisins var aukið um 1.169 milljónir dollara og var það nýtt til að greiða niður skuld Alcoa á Íslandi við móðurfélagið um samsvarandi upphæð.

Alcoa Fjarðaál hefur mikil og jákvæð áhrif á íslenskan efnahag með öflun gjaldeyristekna, innkaupum á innlendri vöru og þjónustu, greiðslu skatta og opinberra gjalda, sköpun fjölmargra vel launaðra starfa og almennum og víðtækum stuðningi við samfélagið á Austurlandi.


¹ Opinber gjöld innihalda fasteignagjöld, vatnsskatt, gjöld til hafnarsjóða og tryggingagjöld.

² Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarálf ehf. eru eignarhaldsfélög Alcoa Fjarðaáls sf.

Þróun skuldar við móðurfélag, vaxtagjöld og afkoma án vaxta (ATOI)


ATOI og vaxtagjöld (í milljónum USD)

Skuld við móðurfélag (í milljónum USD)



Afkoma án vaxta (ATOI) (í milljónum USD) Vaxtagjöld (í milljónum USD) Skuld við móðurfélag (í milljónum USD)

Þróun vaxta á lánum Alcoa á Íslandi við móðurfélagið



Þróun vaxta

Lykiltölur - upphæðir eru í milljörðum króna á gengi hvers árs

Launagreiðslur og launatengd gjöld, þar með tryggingagjöld

2022

2023

2024

Samtals greiðslur Fjarðaáls til íslenskra aðila

8,0

8,7

9,4

Brúttó útflutningur

43,1

42,5

44,4

Hlutfall innlendra innkaupa af heildartekjum félagsins

142,7

126,8

133,2

Samtals opinber gjöld

30%

33%

33%

Meðallaun starfsmanna í milljónum kr. á ári

1,3

1,5

1,8

10,3

11,1

12,2



10.4 Samstarf við birgja

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að stuðla að samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni í allri virðiskeðjunni. Alcoa fylgir eftir skýrum ferlum til að tryggja að birgjar uppfylli strangar kröfur um gæði, samkeppnishæfni og sjálfbæra starfshætti. Samstarf við birgja byggist á gildum félagsins, einkum heilindum, ábyrgð og gagnsæi, og stuðlar að traustum langtíma samböndum og hvatningu til umbóta og sjálfbærni.

Til að tryggja að birgjar starfi í samræmi við viðmið Alcoa um samfélagslega ábyrgð og siðferði fylgir Alcoa Fjarðaál verklagi

og greiningaraðferðum móðurfélagsins. Framkvæmdar eru sjálfstæðar áreiðanleikakannanir á birgjum með það að markmiði að draga úr áhættu, tryggja lög- og reglufylgni og styðja við siðferðilega viðskiptahætti. Ákveðnir birgjar eru háðir slíkri greiningu og engar athugasemdir hafa komið fram vegna birgja Fjarðaáls.

Fyrirtækið er einnig í samstarfi við EcoVadis, sem veitir viðurkennda greiningu á samfélagslegri ábyrgð birgja. Greiningin styður við stöðumat, eykur gagnsæi og auðveldar umbótastarf innan virðiskeðjunnar.

Á árinu 2023 framkvæmdi móðurfélagið Supplier Site Collaboration Program, sem

Alcoa Fjarðaál styðst við við innleiðingu ábyrgðarkrafna. Verkefnið byggði á beinum samskiptum við birgja, viðtölum við starfsfólk og verktaka, fræðslu í samfélagsábyrgð og nýtingu tæknilausna til að auka skýrleika í upplýsingagjöf. Niðurstöður sýna að slíkt samstarf styrkir gagnsæi, traust og skapar raunveruleg tækifæri til umbóta.

Allir birgjar sem vinna innan lóðar Alcoa Fjarðaáls þurfa að uppfylla forvalskröfur og svara árlega spurningum samkvæmt staðli fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að uppfylla lög og reglugerðir, með sérstakri áherslu á vinnuréttindi, spillingarvarnir, öryggi og umhverfismál. Þannig tryggir Alcoa að samfélagsleg ábyrgð sé samofin allri aðfangakeðjunni.



Samfélagsmarkmið 2024 – Árangur

Unnið að rafvæðingu bíla og vinnuvéla á svæðinu. Markmið náðist, en árið 2024 voru 4 lyftarar endurnýjaðir úr dísil í rafmagn. Árið 2025 verður áfram unnið að rafvæðingu bíla og vinnuvéla í álverinu auk þess sem áhersla verður lögð á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis með endurnýjun búnaðar.

Tekin verði ákvörðun um hvort að af uppsetningu nýrrar steypulínu í steypukála verði. Markmið náðist ekki, enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvort að af verkefninu verði. Óstöðugleiki í heimsmálum og markaðsaðstæður hafa haft áhrif til seinkunar.

Framleidd verða um 342.000 tonn af áli. Það er heldur lægra en framleiðsla síðasta árs og undir framleiðslugetu verksmiðjunnar, sem kemur til vegna raforkuskerðingar til álversins 2024. Markmið náðist ekki. Árið 2024 voru framleidd 340.826 tonn af áli, sem er 1.174 tonnum undir markmiði. Minni framleiðsla en áætlanir gerðu ráð fyrir skýrist af orkuskerðingum Landsvirkjunar veturinn 2023–2024.

Halda áfram með verkefni um nýja kerhönnun og stærri skaut. Markmið stóðst og verður skipt yfir í nýja kerhönnun árið 2025 og verkefni um stærri skaut er langt á veg komið og mun klárast á árinu 2025.

11 GRI- yfiritstafla



Fyrirtækið og upplýsingagjöf

2.1	Um fyrirtækið.		Alcoa Fjarðaál sf.	
2.2	Rekstrareiningar/aðilar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni.		Skýrslan fjallar um rekstur og starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.	
2.3	Skýrslutímabil, tíðni og samskiptaupplýsingar.		Skýrslutímabilið er frá 1.janúar – 31.desember 2024. Tengiliður er Vigdís Diljá Óskarsdóttir.	
2.4	Endursamsettar upplýsingar.		Þetta er áttunda sameiginlega árs- og sjálfbærnisráðgjaf og fylgt er eftir GRI sjálfbærnisráðgjaf.	
2.5	Ytri úttekt og vottun.		Langbrók ehf. aðstoðaði stýrihóp um samfélagsábyrgð við skýrslugerðina byggt á GRI mælikvarðanum. Sjálfbærnistefna Alcoa Fjarðaáls er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Starfsemin er vottuð af ISO9001, ISO14001, ASI og ÍST 85:2012.	
2.6	Starfsemi, virðisæðja og önnur viðskiptasambönd.		Alcoa Fjarðaál framleiðir ál með öruggum, hagkvæmum og sjálfbærum hætti.	
2.7	Starfsfólk		Mannauður	
2.8	Vinnuafli sem er ekki starfsfólk.		Mannauður	

Stjórnarhættir

2.9	Stjórnskipulag og skipurit.	Já	Fylgt er eftir stjórnarháttum móðurfélagsins.	
2.10	Tilnefning og val á æðstu stjórnendum.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti – Alcoa Corporation.	
2.11	Stjórnarformaður/forstjóri.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti – Alcoa Corporation.	
2.12	Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa af starfseminni.	Já	Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu félagsins sem er samþykkt einnig af framkvæmdastjórn. Stýrihópur um sjálfbærni ber ábyrgð á sjálfbærniáherslum og innleiðingu samfélagsábyrgðar Alcoa Fjarðaáls.	
2.13	Framsal ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa.	Já	Sjálfbærniáherslur Alcoa Fjarðaáls sf. samþykktar af stjórn félagsins og fylgt er eftir stjórnarháttum móðurfélagsins.	
2.14	Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni.	Já	Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu félagsins og hún er samþykkt af framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn bera ábyrgð á þeim málaflokki sem snýr að þeirra rekstrareiningum/starfssviði.	

Stjórnarhættir

2.15	Hagsmunaárekstrar	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.16	Upplýsingagjöf um veigamikil atriði.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.17	Heildarþekking æðstu stjórnar.	Já	Framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls.	
2.18	Mat á frammistöðu æðstu stjórnar.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.19	Starfskjarastefnur	Já	Allt starfsfólk fyrir utan framkvæmdastjóra eru kjarasamningsbundir. Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsfólks í sambærilegum störfum hjá fyrirtækjum í sambærilegum iðnaði og þróun á milli ára.	
2.20	Launaákvörðunarferli	Já	Fylgt eftir starfsreglum móðurfélagsins.	
2.21	Árlegur launasamanburður.	Já	Árlega tekur Alcoa Fjarðaál þátt í kjarakönnunum PwC og Intellecta og ber laun hjá fyrirtækinu saman við þær kannanir. Þá er jafnlaunakerfið tekið út árlega.	

Stefna, stefnumið og starfshættir

2.22	Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærri þróun.	Já	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð.	
2.23	Skuldbindingar samkvæmt stefnumiðum.	Já	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls.	
2.24	Sambætting skuldbindinga samkvæmt stefnumiðum.	Já	Markmið eru sett og aðgerðir/ferlar innleiddir byggt á stefnu Alcoa.	
2.25	Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa.	Já að hluta	Neikvæð áhrif starfseminnar hefur verið kortlögð að hluta. Áframhaldandi greining er fyrirhuguð er varðar losun í virðiskeðju (umfang 3) til að innleiða frekari mótþægisaðgerðir til framtíðar.	
2.26	Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál.	Já	Heilindalínan (Integrity Line - Alcoa Corporation).	
2.27	Samkvæmni við lög og reglur.	Já	Engin tilvik tilkynnt árið 2024.	
2.28	Aðild að samstarfi og félögum.	Já	Stjórnarhættir	

Stefna, stefnumið og starfshættir

2.29	Aðkoma hagsmunaaðila.	Já	Stjórnarhættir	
2.30	Kjarasamningar	Já	Allt starfsfólk, fyrir utan framkvæmdastjóra, starfar samkvæmt kjarasamningum. Kjör starfsfólks Alcoa Fjarðaáls ehf. fylgja kjarasamningum SA og VR og þeir njóta hlunninda skv. þeim.	
3.1	Mikilvægisþættir	Já	Langbrók ráðgjöf í samstarfi við stýrihóp hefur unnið að mikilvægisgreiningu skýrslunnar.	

Efnahagur

201 – Fjárhagsleg frammistaða

201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast.	Já	Bein fjárhagsleg frammistaða líkt og birtist í ársreikningi.	
201-2	Efnahagslegur tilkostnaður og aðrar hættur sem skapast vegna loftlagsbreytinga.	Já	Starfsemi Fjarðaáls fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsa-lofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál.	
201-3	Tryggingar fyrirtækisins vegna bótaáætlunar.	Já	Auk lögbundinnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda greiðir Alcoa ehf. 4% af heildarlaunum starfsfólks í séreignarsjóð.	
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera.	Já	Alcoa Fjarðaál fékk ekki fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera 2024.	

202 – Sýnileiki á markaði

202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði.	Já að hluta	Mannauður	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins.	Já	9 af 10 meðlimum framkvæmda-stjórnar komu úr nærsamfélagi árið 2024 eða 90%.	

203 – Óbein efnahagsleg áhrif

203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu.	Já að hluta	Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni fyrirtækisins og hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í nærsamfélaginu. Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið.	
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif.	Já að hluta	Efnahagur, skattaspor.	

Efnahagur

204 – Öflun aðfanga

201-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Já að hluta	Sjá kafla 10 (Tafla 13).	
-------	---	-------------	--------------------------	---

205 – Spilling – Áthættumat og aðgerðir

205-1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu.	Já að hluta	Heilindalínan Siðareglur (Code of Conduct).	
205-2	Miðlun og þjálfun til að sporna við spillingu.	Já	Allt starfsfólk sem sinnir dagvinnu, rúmlega 150 fengu kennslu til að sporna við spillingu á árinu.	
205-3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir.	Já	Það eru engin staðfest atvik tilgreind á árinu.	

206 – Samkeppnismál

206-1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála er varðar brot á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Já	Engin brot voru tilkynnt á árinu 2024.	
-------	---	----	--	--

207 – Skattar

207-1	Útlistun á skattaumhverfi, skattastefnu og upplýsingagjöf.	Já	Alcoa fylgir eftir almennum lögum sem gilda í landinu. Jafnframt hefur félagið fylgt eftir fjárfestingarsamningi sem var gerður við ríkisstjórn Íslands árið 2003.	
-------	--	----	--	--

Umhverfi

301 – Efnisnotkun

301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli.	Já	Umhverfi.	
301-2	Hlutfall nýtttra efna sem koma frá endurvinnslu.	Á ekki við		
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir.	Á ekki við		

302 – Orka

302-1	Orkunotkun innan fyrirtækis.	Já	Umhverfi	  
302-2	Orkunotkun utan fyrirtækis.	Já að hluta	Umhverfi	  
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu.	Já	Umhverfi	  
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun.	Já	Umhverfi	  
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu.	Já	Umhverfi	  

Umhverfi

303 – Vatn og frárennsli

303-1	Heildarvatnsnotkun eftir uppruna.	Já	Vatn er upprunnið frá vatnsbóli Fjarðabyggðar við Geithúsaá.	 
303-2	Stjórnun og áhrif vatnsrennsli.	Já að hluta	Umhverfi	 
303-3	Vatnsupptaka – Heildarrúmál notað og endurunnið.	Já	Umhverfi	 
303-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun.	Já	Umhverfi	 
303-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu.	Já	Umhverfi	 

304 – Líffræðileg fjölbreytni

304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum.	Á ekki við		
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika.	Já	Umhverfi	 
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur.	Á ekki við		 
304-4	Fjöldi tegunda á náttúruverndarlistum sem verða fyrir.	Á ekki við		

305 – Loftslagsmál – Kolefnislosun

305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu.	Já	Umhverfi	 
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (umfang 2).	Já	Umhverfi	 
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 3).	Já að hluta	Umhverfi	 
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu.	Já	Umhverfi	
305-5	Aðgerðir að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Já	Umhverfi	  
305-6	Losun ósoneyðandi efna (ODS).	Nei	Fjarðaál notast ekki við ósoneyðandi efni í sinni framleiðslu.	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs.	Á ekki við	Losun þessara lofttegunda er óverulegur hluti af heildarlosun fyrirtækisins.	

306 – Úrgangur og frárennsli

306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir viðtökustað og gæðum.	Á ekki við		
-------	---	------------	--	--

Umhverfi

306 – Úrgangur og frárennsli

306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir.	Já	Umhverfi	
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka.	Já	Umhverfi	
306-4	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka.	Já	Flutningur spilliefna er samkvæmt ströngu verklagi og sérstakir gámar eru notaðir undir þennan úrgang. Spilliefni eru flutt sjóleiðina til vottaðra endurvinnsluaðila.	
306-5	Áhrif úrgangs/sorps á vatnssuppsprettu (306-5-a, b, c, e).	Já	Engu frárennsli er veitt frá starfseminni.	

307 – Umhverfislög

307-1	Atvik tilgreind þar sem ekki var fylgt eftir umhverfislögum og/eða reglugerðum	Já	Umhverfi	
-------	--	----	----------	--

308 – Umhverfisáhrif birgja

308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisviðmiðum.	Já	Alcoa Fjarðaál fylgir reglum móðurfélagsins.	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar og mótvægisáðgerðir.	Já	ASI vottun. Alcoa Fjarðaál fylgir reglum móðurfélagsins.	

Félagsþættir

401 – Atvinna

401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýs starfsfólks og velta starfsfólks eftir aldurshópum.	Já	Nýráðningar og starfsfólksvelta (Starfsfólksvelta er ekki skilgreind eftir búsetu.)	
401-2	Hlunnindi starfsfólks sem er fastráðið í fullu starfi sem hluta- og eða lausráðið starfsfólk fá ekki.	Já	Hluta- og lausráðið starfsfólk fær sömu hlunnindi, að því undanskyldu að aðeins fastráðið starfsfólk getur orðið hluthafar í félaginu.	
401-3	Fæðingaorlof – Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof.	Já	Mannauður, mynd 11 og 12.	

402 – Kjaramál

402-1	Tilkynningar til starfsfólks varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins.	Já	Líður 4.5 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afis og RSÍ.	
-------	---	----	---	---

403 – Vinnueftirlit

403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis og öryggismála.	Já	Öryggi	
-------	--	----	--------	---

Félagsþættir

403 – Vinnueftirlit

403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum.	Já	Öryggi	
403-3	Vinnueftirlit er varðar hættuleg störf.	Já	Öryggi	
403-4	Þáttaka starfsfólks í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi.	Já	Liður 7 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ.	
403-5	Heilsu- og öryggismálefni starfsfólks.	Já	Fræðsla og þjálfun.	
403-6	Fræðsla til starfsfólks varðandi heilsu.	Já	Heilsa og velferð.	
403-7	Forvarnir og inngrip í tengslum við heilsu og þjónustu starfsfólks tengt viðskiptasamböndum.	Já	Heilsa og velferð.	
403-8	Starfsfólk sem fellur undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi.	Já	Heilsa og velferð.	
403-9	Atvinnutengd slys.	Já	Heilsa og velferð.	
403-10	Atvinnutengdir sjúkdómar.	Já	Heilsa og velferð.	

404 – Menntun og þjálfun

404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsfólk fær í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein.	Já	Öryggi. Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein.	
404-2	Námskeið eða þjálfun sem stuðla að því að efla tækifæri starfsfólks til framþróunar í starfi.	Já	Starfsþróun og endurmenntun. Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein.	
404-3	Hlutfall starfsfólks sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki.	Já að hluta	Starfsþróun og endurmenntun. Ekki flokkað eftir kyni og starfaflokki.	

405 – Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri

405-1	Fjölbreytileiki stjórnarháttar og starfsfólks.	Já	Mannauður	 
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum.	Já	Mannauður	 

406 – Vinnuréttindi

406-1	Brot á vinnuréttindum og mótvægisáðgerðir.	Já	Engin tilvik voru tilgreind er varðar brot á jafnréttis- og mannréttindastefnu félagsins.	 
-------	--	----	---	---

Félagspættir

407 – Félagafrelsi

407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagafrelsis og kjarasamninga.	Já	Alcoa Fjarðaál ehf. framfylgir stefnu gegn barnaþrælkun. Engin tilkynnt frávik á árinu 2024.	
-------	--	----	--	--

408 – Vinna barna

408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögu- lega geta brotið á réttindum barna.	Já	Alcoa Fjarðaál ehf. framfylgir stefnu gegn barnaþrælkun. Engin tilkynnt frávik á árinu 2024.	
-------	--	----	--	--

409 – Nauðungarvinna

409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögu- lega geta brotið á réttindum barna.	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2024.	
-------	--	----	-------------------------------------	--

410 – Mannréttindi

410-1	Þjálfun starfsfólks í mannréttinda- stefnu eða verklagsreglum fyrir- tækisins.	Já	Alcoa Fjarðaál ehf. fylgir eftir mann- réttindastefnu sem er kynnt í nýliða- þjálfun starfsfólks.	
-------	--	----	---	--

411 – Mannréttindi

411-1	Atvik þar sem brotið er á réttindum frumbyggja.	Á ekki við		
-------	---	------------	--	--

412 – Mannréttindi

412-1	Fjöldi atvika sem hafa varðað mannréttindabrot.	Á ekki við		
412-2	Þjálfun og fræðsla starfsfólks um mannréttindamál .	Já	Árlega eru haldin námskeið fyrir starfsfólk með fjár- og mannaforráð.	
412-3	Samningar sem innihalda mannréttindaákvæði eða voru kortlagðir með viðmið mannréttinda að leiðarljósi.	Á ekki við		

413 – Nærsamfélag

413-1	Aðgerðir/verkefni í samstarfi við nærsamfélagið.	Já	Samfélagið	
413-2	Starfsemi sem gætu haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið.	Já	Umhverfi	

414 – Samfélagsáhrif birgja

414-1	Kortlagning á félagslegum krítérium nýrra birgja .	Já að hluta	Samstarf við birgja. Virðiskeðja.	
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðiskeðju og aðgerðir.	Já	Virðiskeðja	

Félagspættir
415 – Stefna

415-1	Fjárframlag stjórnvalda.	Já	Alcoa Fjarðaál ehf. leggur ekki til nein fjárframlög til stjórnmalastarfs.	
-------	--------------------------	----	--	---

416 – Öryggi og heilsa viðskiptavina

416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu.	Á ekki við		
416-2	Heilsa og öryggi – Tilvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum.	Já	Engin tilvik skráð á árinu.	

417 – Markaðsmál og merkingar

417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu.	Á ekki við		  
417-2	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu.	Á ekki við		
417-3	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir vinnuferlum í kynningar- og markaðsmálum.	Á ekki við		

418 – Persónuvernd viðskiptavina

418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina.	já	Engar kvartanir bárust vegna mögulegra brota á persónuvernd eða taps á gögnum viðskiptavina.	
-------	--	----	--	--

419 – Persónuvernd viðskiptavina

419-1	Atvik þar sem ekki er fylgt eftir lögum og reglugerðum á sviði félags- og efnahagsmála.		Alcoa Fjarðaál hlaut engar sektir á árinu 2024.	
-------	---	--	---	--



Gildi

Heilindi

Við erum heiðarleg, ábyrg og fylgjum lögum og reglugerðum í hvívetna. Við tryggjum öryggi gagna og persónuupplýsinga fyrirtækisins. Við byggjum upp traust með opnum samskiptum við kaupendur, birgja og starfsfólk.

Árangur

Stöðugar umbætur eru undirstaða góðs árangurs Alcoa Fjarðaáls. Við stefnum alltaf að bestu gæðum og framleiðni til að mæta kröfum og fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við erum stöðugt að finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og starfsfólk á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt. Árlega setjum við okkur markmið og ráðumst í aðgerðir til að ná meiri árangri.

Umhyggja

Við finnum samkennd, vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum öryggi fyrir alla. Við hlustum, hjálpum og hrósum.

Hugrekki

Við leggjum grunn að framtíðinni með nýsköpun og forðumst kyrrstöðu. Við fögnum öllum tækifærum til að próast og höfum hugrekki til að setja fram og prófa nýjar hugmyndir.

Framtíðarsýn

Við framleiðum ál á öruggan, ábyrgan, hagkvæman og samfélagslega ábyrgan hátt. Alcoa Fjarðaál uppfyllir lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins. Alcoa Fjarðaál byggir upp fyrirtækjamenningu með sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi.

Í starfsemi sinni notar Alcoa Fjarðaál endurnýjanlega orku þar sem því er við komið og er með skilvirkt orkustjórnunarkerfi til að hámarka orkunýtni.


Alcoa Fjarðaál skuldbindur sig til að vera með öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir vinnutengd meiðsli, atvinnusjúkdóma og stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks.

Með samráði við starfsfólk og þátttöku þess er stöðugt unnið að umbótum í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Markmiðið er ávallt að útrýma hættum í vinnuumhverfinu og lágmarka heilsufarslegan skaða. Starfsfólk Alcoa Fjarðaáls vinnur á öruggan og ábyrgan hátt og ber virðingu fyrir umhverfinu þar sem markmiðið er að lágmarka mengun vegna starfseminnar. Við förnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu. Reyðarfirði, 1. desember 2023

Fernando Costa,



forstjóri Alcoa Fjarðaáls



Ábyrgð og ritstjórn

Vigdís Diljá Óskarsdóttir,
stjórnandi samskipta og samfélagsmála
hjá Alcoa Fjarðaáli, vigdisdilja.oskarsdottir@alcoa.com

Ráðgjöf

Soffía S. Sigurgeirsdóttir,
Langbrók ehf.

asi Aluminium
Stewardship
Initiative



IATF 16949
Automotive Quality
Management
CERTIFIED



ISO 9001
Quality
Management
Systems
CERTIFIED

ISO 14001
Environmental
Management
CERTIFIED

ISO 45001
Occupational
Health and Safety
Management
CERTIFIED

ISO 50001
Energy
Management
CERTIFIED

Gildi Alcoa Fjarðaáls

Heilindi · Árangur · Umhyggja · Hugrekki

Alcoa Fjarðaál

Hrauni 1
731 Reyðarfjörður
470 7700
alcoa.is

